







## SPURNING DAGSINS

Jörundur, er vörn besta sóknin?

"Alveg tvímælaust og hefur alltaf verið."

Jörundur Áki Sveinsson er þjálfari íslenska kvendandsliðsins sem þótti óheppið að sigra ekki Svía í leik þjóðanna í Svíþjóð í gær. Leikurinn endaði 2-2 en aðaláherslan fyrir leikinn var vörnin.

Mótmælendurnir við Stjórnarráðið:

## Líklega ákærðir

**LÖGREGLUMÁL** Mótmælendurnir sem voru handteknir eftir að hafa klifrað upp á þak Stjórnarráðsins og flaggað þar borða með áletrun gegn álverum í stað íslenska þjóðfánans sem þar venjulega blaktir verða að líkindum ákærðir fyrir tiltækið.

Að sögn Geirs Jóns Þórissonar yfirlögsluþjóns í Reykjavík er mál tvímenningsanna ekki enn komið til lögfræðinga embættisins en hann átti frekar von á ákærum í málinu enda skemmdust þakplötur stjórnarráðsins lítillega við tiltækið. - aðe

Eldsvoðinn í Stigahlíð:

## Konan enn þungt haldin

**SLYS** Konan sem slasaðist alvarlega í eldsvoða í Stigahlíð snemma á laugardagsmorgun liggur enn þungt haldin á gjörgæsludeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss.

Konan hlaut alvarlega reyk eitrun og slæm brunasár en reykkafarar frá slökkviliðinu fundu hana meðvitundarlausa á gólfi íbúðarinnar nokkrum mínútum eftir að tilkynning barst um eldinn. - aðe

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**HUGA AÐ SKOÐUN OG TRYGGINGUM** Lögreglan á Egilssstöðum klippti um helgina númer af þremur bílum vegna vangoldinna trygginga og sjö til viðbótar voru boðaðir í skoðun, en hugað var sérstaklega að þessum þáttum í umferðareftirliti. Lögreglan segir ekki langan lista yfir óskodaða bíla í umdæminu, en á honum eigi sér alltaf stað nokkur endurnýjun.

Súnníar hvattir til að greiða atkvæði gegn stjórnlagafrumvarpinu:

## Írakar kjósa um stjórnarskrá

**BAGDAD, AP** Íraskir þingmenn ákváðu í gær að vísa drögum að stjórnarskrá landsins til þjóðaratkvæðagreiðslu. Súnníar eru mjög ósáttir við inntak hennar og skora á alþjóðasamfélagið að koma í veg fyrir að hún verði samþykkt.

Stjórnarskrárvinnunni í Írak lauk í gær en þá var uppkastið að lögum lesið upp fyrir íraska þingmenn, án þess þó að þeir greiddu atkvæði um það. Eftir fundinn lýstu fulltrúar súnnía í stjórnarskrárnefndinni að þeir væru efni plaggisins mjög ósamála og tiltóku þeir sérstaklega andstöðu við að Írak yrði sambandsríki, að ekki væri kveðið á

um að landið væri arabaríki og að afdráttarlaus bann væri lagt við starfsemi Baath-flokksins. „Við skorum á Arabaráðið, Sameinuðu þjóðirnar og alþjóðastofnanir að grípa í taumana svo að þessi lög verði ekki samþykkt nema að óréttlætið í þeim verði leiðrétt,“ sagði í yfirlýsingu súnníanna.

Saleh al-Mutlaq, áhrifamaður úr röðum súnnía, sagði í viðtali við fréttamenn að nú myndu andstæðingar stjórnarskrárinnar ráða ráðum sínum og ákveða næstu skref. Hann hvatt súnnía í landinu til að mótmæla stjórnlagafrumvarpinu á friðsamlegan hátt með því að greiða atkvæði



**HEITT Í HAMSÍ** Saleh al-Mutlaq (til vinstri) og Abdul-Rahman al-Nueimi, formælendur súnnía, segja stjórnarskrárdrögin ósættanleg og hvöttu trúbræður sína til að hafna þeim í þjóðaratkvæðagreiðslunni.

gegn því í þjóðaratkvæðagreiðslunni 15. október. -shg

Órói í miðborginni:

## Lögreglumenn lentu í átökum

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglumenn í miðborginni lentu í átökum við hóp fólks í gærnótt þegar maður var handtekinn fyrir utan skemmtistað fyrir slagsmál. Þótti félögum mannsins það súrt í broti og réðust að lögreglumönnum. Voru tveir til viðbótar handteknir í kjölfarið.

Fjölmarginir aðrir gistu fanga-geymslur vegna ýmissa brota. Allmargir voru teknir ölvæðir undir stýri og almennur erill var víða um borgina. Furðuðu lögreglumenn sig á að svo virðist sem haustkoma fari illa í marga íbúa enda hafa síðustu þrjár helgar verið annasamari en gengur og gerist. -aðe

# Íbúar flýja undan fellibylnum Katrínu

Fellibylurinn Katrína stefnir hraðbyri á borgina New Orleans. Aðeins þrjár byljir af þessari stærðargráðu hafa gengið yfir Bandaríkin frá því mælingar hófust. Talsmaður fellibyljastofnunar segir mannfall óhjákvæmilegt.

**BANDARÍKIN** Íbúum New Orleans í Bandaríkjunum var í gær skipað að yfirgefa borgina vegna mikillar hættu frá fellibylnum Katrínu sem von er á að gangi yfir borgina í dag. Borgarstjórnin, Ray Nagin, hvatti íbúa, sem eru um hálf milljón, til að taka viðvörðunum alvarlega.

New Orleans stendur í dal sem er tveimur metrum fyrir neðan sjávarmál. Aðalhattan stafar því af flóðum ef stíflugarðar sem verja borgina fyrir ánni Missisippi og öðrum vötnum í kringum borgina bresta.

Spár benda til að borgin lenti í miðju auga bylsins en í gær hafði kraftur Katrína aukist og var metinn fimm stig sem er það hæsta á Saffir-Simpson skalanum. Mesti varanlegi vindur sem mælt hefur í fellibylnum eru 282 kílómetrar á klukkustund en einstaka vindhviður hafa mælt enn meiri. Sjö hafa þegar látist af völdum bylsins en hann gekk yfir Flórída á fimmtudag.

Aðeins þrjár fellibyljir af þessari stærðargráðu hafa gengið yfir Bandaríkin frá því mælingar hófust en sá síðasti var árið 1992 þegar Andrés gekk yfir Suður-Flórída með þeim afleiðingum að 43 létust. Árið 1935 létust 600 manns þegar fellibylur gekk yfir Flórída Keys en árið 1969 létust 250 manns þegar fellibylurinn Kamilla gekk yfir strönd Mississippi.

Í gærmorgun höfðu götur New Orleans fyllt af bílum á



**FLÓTTI** Allar götur sem liggja frá New Orleans voru teptar í gær þegar íbúar borgarinnar flúðu undan fellibylnum Katrínu.

leið út úr borginni en einstefna var sett á stærstu umferðaræðarnar til að flýta fyrir brottflutningunum. Hótel í allt að 240 kílómetra fjarlægð eru fullbókun en þeir sem geta af einhverjum ástæðum ekki yfirgefið borgina geta leitað skjóls á tíu opinberum stöðum, þar á meðal stærsta íþróttaleikvangi New Orleans. Borgarstjórnin sagði í

sjónvarpsræðu sinni að fólk ætti að taka með sér mat til allt að fimm daga.

Talsmaður fellibyljastofnunarinnar í Miami sagði að mannfall væri óhjákvæmilegt. Ef Katrína kæmi að landi eins öflug og hún var í gær yrði þetta öflugasti stormur sem nokkurn tíma hefði gengið yfir ríkið.

solveig@frettabladid.is

Þór Jakobsson telur Katrínu einstakan fellibyl:

## Töluverð hætta á ferð

**FELLIBYLJIR** „Þessir fellibyljir myndast vestur af Afríku en viss skilyrði þurfa að vera í sjónum. Það er viss hitamunur milli hafs og lofts. Síðan eflast þeir eftir því sem þeir nálgast vesturströnd Ameríku,“ segir Þór Jakobsson veðurfræðingur sem telur töluverða hættu stafa frá fellibylnum Katrínu. „Þarna eru gífurlegir kraftar að verki, ekki síst þar sem bylurinn yfir upp sjóinn og flóðbylgja stefnir að landi,“ segir Þór en landið sem bylurinn gengur yfir er ákaflega lágt og sums staðar fyrir neðan sjávarmál. Þór segir yfir dofna yfir fellibyljum um leið og þeir komi á land, en þeir fá orku frá uppgufun úr hafinu.

Hann telur nokkrar breytingar hafa orðið á myndun fellibylja undanfarin ár. „Þeir eru



**ÞÓR JAKOBSSON** Telur nokkar breytingar hafa orðið á myndun fellibylja síðustu ár.

að byrja fyrr, hafa verið öflugri og tíðari,“ segir Þór sem telur Katrínu nokkuð einstaka enda æði langt síðan fellibylur af þessum styrkleika hafi gengið yfir Bandaríkin. -sgj



**OMRI SHARON** Er ákærður fyrir að halda leyndum ólöglegum fjárframlögum í kosningasjóð föður síns.

Sonur Ariel Sharon:

## Ákærður fyrir spillingu

**ÍSRAEL, AP** Omri Sharon, sonur forsætisráðherra Ísraels Ariel Sharon, hefur verið ákærður fyrir spillingu. Hann er grunaður um að hafa haldið leyndum ólöglegum fjárframlögum í einn af kosningasjóðum föður síns með því að nota uppspunnin fyrirtæki.

Ákæurnar ná til ársins 1999 þegar Ariel Sharon varð leiðtogi Likud flokksins og þar með í framboði til forsætisráðherraembættisins. ■

Fuglaflensa í Finnlandi:

## Ekki banvæn

**FUGLAFLENSA** Yfirvöld í Finnlandi tilkynntu um helgina að líklega hefði fundist fuglaflensuþrátt í mávi í bænum Oulu í norðurhluta landsins. Þrátt fyrir það er talið ólíklegt að vírusinn sem fannst sé af gerðinni H5N, sem er sá stofn sem leitt hefur sextíu manns til dauða í Asíu. Nýlegur fuglaflensufaraldur í austurhluta Rússlands hefur leitt ellefu þúsund fugla til dauða og 120 þúsund til viðbótar hefur verið slátrað.

Tilkynning finnskra yfirvalda kom aðeins degi eftir að Sameinuðu þjóðirnar hvöttu aðildarlönd sín til að fylgjast vel með smiti í farfuglum. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**INNBRÖT Á HÚSAVÍK** Brotist var inn í íþróttahúsið á Húsavík í fyrrinótt. Engu var stolið en skemmdir voru unnar. Lögregla náði brotamanninum fljótlega og telst málið upplýst.

**HNEFAR Á LOFTI** Mikið var um slagsmál og læti í miðbæ Akureyrar aðfaranótt sunnudagsins en þar fór fram menningaráhífið svipuð Menningarnótt í Reykjavík. Fóru hátíðahöldin í skapið á morgun sem létu hnefana tala en engin alvarleg meiðsl voru þó tilkynnt.

**BÍLVELTA FYRIR UTAN AKUREYRI** Bíll valt á þjóðvegnum skammt fyrir utan höfuðstað Norðurlands snemma í gærmorgun. Var öku- maður einn í bílnum og sakaði hann ekki.

**FJÖGUR FÍKNIEFNAMÁL** Fjögur fíkniefnamál komu upp í umdæmi lögreglunnar á Akureyri í gærnótt. Var í öllum tilvikum um lítið magn til einkaneyslu að ræða og gerði lögregla efnin upp- tæk.

Íslenskt grænmeti

sérmerkt þér!





20-70% afsláttur af flísum

# STÓRÚTSALA

Flísar - náttúrusteinn - gegnheilt parket - planka parket - spónlagt parket - loftapiljur

## ÓTRÚLEGGT ÚRVAL



15-30% afsláttur af parketi



Þú sparar tugi þúsunda

**Egill  
Arnason hf**

Ármúli 8 - 108 Reykjavík

595 0500 - [www.egillarnason.is](http://www.egillarnason.is)



## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 26.08.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	63,13	63,43
Sterlingspund GBP	114,02	114,58
Evra EUR	77,71	78,15
Dönsk króna DKK	10,416	10,476
Norsk króna NOK	9,793	9,851
Sænsk króna SEK	8,329	8,377
Japanskt jen JPY	0,5754	0,5788
SDR	XDR	92,8
		93,36

## Gengisvísitala krónunnar

108,63 -0,34%

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stjórnvöld í Bretlandi vissu af tengslum milli öfgastefnu múslima og Íraksstríðsins

## Utánríkisstefnan hvetur öfgamenn áfram

**BRETAND** Stjórnvöld í Bretlandi voru vörud við tengslum milli aukinnar öfgastefnu breskra múslima og stríðsins í Írak fyrir einu ári síðan. Þetta kemur í ljós í bréfi sem breska dagblaðið Observer hefur undir höndum og var skrifað í maí árið 2004 af hátt settum embættismanni í utánríkisráðuneyti Breta til Andrew Turnbull ráðuneytisstjóra.

Þar segir meðal annars að utánríkisstefna Breta sé einn aðalhvati íslamskra öfgahópa til að fá nýtt fólk til liðs við sig.

Í bréfinu segir enn fremur: „Bresk utánríkisstefna og hvernig hún virðist hafa neikvæð

áhrif á múslima um allan heim eykur á reiði og tilfinningu fyrir vanmætti, sérstaklega hjá yngri kynslóð breskra múslima.“ Þá væri stefna Breta í utánríkismálum, sérstaklega í tengslum við friðarferlið í Mið-Austurlöndum og Írak, ein af aðalástæðum öfgastefnu í samfélagi múslima í Bretlandi.

Yfirmenn í utánríkisráðuneytinu vilja ekki tjá sig um málið þar sem bréfið lak úr ráðuneytinu. ■

**SORG** Lundúnarbúar leggja blóm við lestarstöðvar til að minnast þeirra sem létust í hryðjuverkunum þann 7. júlí.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Steinunn Valdís kippir sér ekki upp við gagnrýni Óssurar.

Borgarstjóri Reykjavíkur:

## Er fáorð um gagnrýni

**STJÓRNMÁL** Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri Reykjavíkur, segist ekki mikið hafa að segja um gagnrýni Óssurar Skarphéðinssonar, fyrrum formanns Samfylkingarinnar, á hennar orð í gær.

„Óssur Skarphéðinsson hefur í gegnum tíðina haft sínar skoðanir bæði á mönnum og málefnum, bæði utan og innan Samfylkingarinnar. Hann má hafa allar þær skoðanir sem hann vill á mér og því sem ég segi,“ sagði hún. Óssur gagnrýndi orð sem hún lét falla í fréttaviðtali um að Stefán Jón Hafstein hafi „gengið með borgarstjórnann í maganum“ og þótti um virðingarleysi að ræða hjá forystumanni til samflokksmanns. -óka

Blaðamenn í Írak:

## Fleiri drepnir en í Víetnam

**BLAÐAMENN** Fleiri blaðamenn hafa verið drepnir frá upphafi stríðsins í Írak en á þeim tuttugu árum sem átökin í Víetnam stóðu yfir. Þetta kemur fram í tilkynningu frá samtökunum Blaðamenn án landamæra.

Sextíu og sex blaðamenn og aðstoðarmenn þeirra hafa látist í Írak frá 20. mars árið 2003 en til samanburðar létust 63 blaðamenn í Víetnam á árunum 1955-1975.

Samtökin segja Írak vera hættulegasta stað fyrir blaðamenn að starfa á en fyrir utan þá sem hafa dáið hefur 22 verið rænt. ■



**GÍSLI MARTEINN ÁSAMT STUÐNINGSMÖNNUM** Frá fundi Gísla Marteins í Iðnó í gær þar sem hann tilkynnti um þá ákvörðun sína að sækjast eftir forystusæti hjá Sjálfstæðisflokknum í Reykjavík. Stúðningsmenn hans boðuðu til fundarins sem var afar vel sóttur.

## Gísli Marteinn sækist eftir fyrsta sætinu

Fjöldmenni var á fundi stúðningsmanna Gísla Marteins Baldurssonar í Iðnó í gær þar sem hann tilkynnti um ákvörðun sína að gefa kost á sér í fyrsta sæti í prófkjöri sjálfstæðismanna. Hann segist finna fyrir miklum stuðningi.

**PRÓFKJÖR** Gísli Marteinn Baldursson, varaborgarfulltrúi og sjónvarpsmaður, tilkynnti í gær að hann gæfi kost á sér í fyrsta sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í haust vegna komandi borgarstjórnarkosninga. Stúðningsmenn Gísla Marteins boðuðu til fundar í Iðnó í gær þar sem Gísli Marteinn tilkynnti þessa ákvörðun sína. Húsfyllir var á fundinum.

„Ég hef rætt við Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson um þá ákvörðun sem ég er hingað kominn til að tilkynna ykkur og hann tók erindi mínu eins og sá heiðursmaður sem við vitum öll að hann er. Við vorum sammála um að hvernig

sem prófkjörið færi, væru það kosningarnar í vor sem augu okkar ættu að beinast að,“ sagði Gísli Marteinn í tölu sem hann hélt á fundinum.

„Ég er snortinn af því að sjá hvað það komu margir. Upphaflega átti þetta að vera fámennur fundur fyrir mína helstu stúðningsmenn en hér eru yfir tvö hundruð manns og það er ég heldur betur ánægður með,“ sagði Gísli Marteinn eftir fundinn. Hann sagðist finna fyrir miklum stuðningi. „Ég finn hér í dag að ég er að fá mikinn meðbyr og er afar ánægður með það. Ef þessi stemning helst í prófkjörinu og þetta verður með svona jákvæð-

um og uppbyggilegum hætti þá verður þetta afar skemmtilegt og mun enda vel,“ sagði Gísli Marteinn.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson segist eiga von á skemmtilegu prófkjöri. „Ég býð Gísla Martein velkominn í kosningabaráttuna,“ sagði Vilhjálmur. „Ég vona að í prófkjörinu taki menn tillit til þess hvaða þekkingu og reynslu menn hafa á borgarmálum og möguleika til þess að koma festu á stjórn borgarinnar. Ég fullyrði að Sjálfstæðisflokkurinn undir minni forystu muni stuðla að verulega miklum og góðum breytingum í Reykjavík.“

hjalmar@frettabladid.is

Bæjarstjórnarskipti á Álftanesi:

## Guðmundur tekinn við

**SVEITASTJÓRN** Guðmundur G. Gunnarsson tók á föstudag við embætti bæjarstjóra Álftaness af Gunnari Val Gíslasyni sem verið hefur bæjarstjóri í rúm þrettán ár. Guðmundur hefur verið oddviti hreppsnefndar og síðar forseti bæjarstjórnar Álftaness um árabíl og því flestum hnútum kunnugur í málefnum sveitarfélagsins.

Við bæjarstjórnarskiptin þakkaði Guðmundur Gunnari vel unnin störf í þágu Álftaness og sagði það skarð fyrir skildi að missa hann til annarra starfa. - bps



**JARÐSETTUR Á NÝ** Eitingjar gráta yfir gróf gyðingsins Nehemia Vinter sem jarðsettur var á ný í gær í kirkjugarði við bæinn Nitzan.

Brottflytningar halda áfram:

## Grafir færðar frá Gaza


**GAZA** Ísraelski herinn hófst í gær handa við að grafa upp 48 grafir gyðinga á Gaza-svæðinu. Hinir látnu verða síðan fluttir til Ísrael og jarðsettir á ný. Þetta er hluti af brottflytningi landtökumanna af Gaza en vika er liðin frá því að lokið var við að rýma 21 byggð landtökumanna á Gaza-svæðinu.

Gert er ráð fyrir að mannlegar leifar hinna látnu gyðinga verði jarðsettar sama dag og þær eru teknar upp en aðgerðinni á að ljúka í lok vikunnar. ■


## VEÐRIÐ Í DAG

Vaxandi SA átt í kvöld  
Það má búast við fremur hægum norðlægum áttum í dag, þó með einhverjum vind austanlands í fyrstu. Þegar liður á daginn snýst hann svo í suðlæg áttir og bætir í vind í kvöld og í nótt, gæti orðið allhvasst eða hvasst. Það fer að rigna á Suður- og Vesturlandi í nótt, en á morgun má búast við rigningu um allt land ásamt þó nokkrum vindi. Svona verður þetta fram eftir vikunni, vinda- og vætusamt, en veður fer þó hlýnandi þessa næstu daga þótt enn verði nokkuð svalt í dag. Þetta sumar var víst nokkuð stutt í þennan endann!

## I dag




## Á morgun



All hvöss eða hvöss suðaustanátt með rigningu um allt land.

## Miðvikudagur



Norðlæg átt vestanlands en suðlæg austanlands. Viða rigning.

## Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	20°C sk.m.köflum	Algarve	28°C sk.m.köflum	Róm	25°C sk.m.köflum
Oslo	20°C skýjað	Mallorca	28°C sk.m.köflum	Alicante	28°C léttskýjað
London	24°C sk.m.köflum	Krít/Chania	29°C heiðskirt	Kýpur	32°C heiðskirt
Paris	28°C heiðskirt	Barcelona	26°C sk.m.köflum	Rimini	24°C sk.m.köflum

Kveðja,  
Guðröður  
Arnardóttir  
náttúrufræðingur.

Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

RÉTTA BRAGÐIÐ  
SYKURLAUSTCoca-Cola  
light

Mínna en 1 kaloría / 100 ml.






# Risalagersala í 300 m<sup>2</sup> tjaldi 30-80% afsláttur

**Aðeins í 2 daga! Allt á að seljast!**

- Prúttorn
- Hoppukastali
- Pylsur og gos



Áherslupennar  
Auglýsingavörur  
Blaðabakkar  
Blek og duft í eldri prentara  
Blýantar  
Bréfastressur  
Bréfsefni og umslög  
Dagbækur  
Disklingageymslur  
DVD diskar  
Fartölvur  
Ferðakrúsir  
Flatir tölvuskjái  
Gatarar  
Geisladiskastandar  
Gjafavörur

Grafískir teikniblýantar  
Handritahöldur  
Heftarar  
Klukkur  
Kúlupennar  
Kynningartöskur  
Límmiðar  
Ljósaperur  
Ljósmyndapappír  
Lyklaborð  
Merkitússpennar  
Minnisblokkir  
Möppur  
Myndavélatöskur  
Pappír í bleksprautuprentara  
Pappír í geislaprentara

Pennaveski  
Prentarar  
Prentaratengi  
Reiknivélar  
Ruslafötur  
Skjávarpar  
Skólatöskur  
Skriffæri  
Skrúfblýantar  
Skúffuskápar  
Stafrænar myndavélar  
Stólar  
Strokleður  
Trélitir  
Umslög  
o.m.fl.

**Lagersalan er í tjaldi við Höfðabakka 3**

Opið:

**Mánudag 29. ágúst kl. 16-20**

**Þriðjudag 30. ágúst kl. 10-20**

Boðið er upp á pylsur og gos báða dagana milli 16 og 20







## KJÖRKASSINN

Eiga borgaryfirvöld að taka í notkun bilastæðaklukkur í stað stöðumæla?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](http://visir.is)

Já	62%
Nei	38%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að herða refsingar við fíkniefnabrotum?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](http://visir.is) og segðu þína skoðun



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson um niðurstöður könnunarinnar:

# Þakklátur fyrir traustið

**KÖNNUN** „Ég er mjög ánægður með þær niðurstöður sem þessi skoðanakönnun sýnir. Við sjálfstæðismenn munum áfram og eftir næstu kosningar sýna borgarbúum að við stöndum undir þeim væntingum sem til okkar eru gerðar. Þó ber ávallt að hafa í huga að skoðanakönnunir eru fyrst og fremst vísbendingar en ekki heilagar sannleikur,“ segir Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn.

Vilhjálmur segir að borgarstjórnarflokkurinn hafi á undanförunum misserum heimsótt um

eitt hundrað og fimmtíu fyrir-tæki, stofnanir og félagasamtök í borginni til að kynna þeirri starfsemi sem þar fer fram og ræða við starfsfólk. „Við höfum lagt áherslu á að vera í góðu sambandi við borgarbúa allt kjörtímabilið en ekki bara kortéri fyrir kosningar. Við sjálfstæðismenn erum augljóslega að uppskera árangur af því mikla starfi sem við höfum verið að inna af hendi á undanförunum misserum og ég er mjög þakklátur borgarbúum fyrir það mikla traust sem þeir sýna okkur,“ segir Vilhjálmur. - hb



VILHJÁLmur Þ. VILHJÁLmsson Þakklátur borgarbúum fyrir traustið sem þeir sýna.

Ólafur F. Magnússon:

## Afsönnum kannanirnar

**KÖNNUN** „Þetta eru svipaðar tölur og birtust manni lengi framan af kosningabaráttunni fyrir fjórum árum,“ segir Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi Frjálslynda flokksins, um niðurstöður skoðanakönnunarinnar.

Ólafur viðurkennir að hafa vonast eftir meira fylgi í könnuninni. „Það er hins vegar ljóst að umræðan í sumar hefur ekki snúist um borgarmál heldur væntanlega frambjóðendur hinna flokkanna. Ég óttast ekki að þegar við komumst meira inn í umræðuna munum við lagfæra okkar stöðu verulega. Við höfum í þrennum kosningum sýnt að við skákum skoðanakönnunum.“ -shg

Árni Þór Sigurðsson:

## Hvergi banginn

**KÖNNUN** „Þetta getur auðvitað verið vísbending um stöðuna eins og hún er núna og sýnir að við höfum mikið verk að vinna. Ég tel hins vegar að við eigum góða möguleika þegar við höfum unnið okkar stefnuskrá og er hvergi banginn,“ segir Árni Þór Sigurðsson borgarfulltrúi Vinstri grænna.



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON

Samkvæmt könnun Fréttablaðsins fengi flokkurinn einn borgarfulltrúa ef kosið yrði nú.

Árna Þór kemur sterk staða Sjálfstæðisflokksins ekki á óvart enda hafi talsverð umræða verið um flokkinn í borgarmálaumræðunni að undanförunum. „Ég held hins vegar að ekki séu öll kurl komin til grafar og held að þetta verði ekki niðurstaða þegar upp verður staðið.“ - hb

Alfred Þorsteinsson:

## Hef séð það svartara

**KÖNNUN** „Ég hef oft séð það svartara en þetta,“ segir Alfred Þorsteinsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins. „Þetta eru ekki tölur sem koma okkur fram-sóknarmönnum á óvart í upphafi kosningabaráttu. Vaninn hjá okkur hefur verið sá að vinna á þegar nær dregur kosningum og kosningabaráttan er eiginlega ekki byrjuð, þannig að ég þekki lægri tölur en þetta í upphafi kosningabaráttu,“ segir Alfred. Aðspurður um hvenær svo hafi verið, segir Alfred að það hafi meðal annars verið í kosningunum 1986. - hb



ALFRED ÞORSTEINSSON

# Vinstri grænir fengju einn fulltrúa en Framsókn engan

Sjálfstæðisflokkur fengi hreinan meirihluta í borgarstjórn ef boðað yrði til kosninga nú samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Samfylkingin fengi fimm borgarfulltrúa en Frjálslyndir engan.

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkur fengi hreinan meirihluta borgarfulltrúa ef boðað yrði til sveitarstjórnarkosninga nú samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Af þeim sem tóku afstöðu í könnuninni sögðust 53,5 prósent myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn. Samkvæmt því myndi flokkurinn fá níu borgarfulltrúa. Þegar kosið var til sveitarstjórna árið 2002 fékk Sjálfstæðisflokkurinn 40,2 prósent atkvæða og sex borgarfulltrúa kjörna.

Samkvæmt sömu könnun sögðust 29,7 prósent myndu kjósa Samfylkingu og fengi hún þar af leiðandi fimm borgarfulltrúa. 8,8 prósent svarenda sögðust myndu kjósa Vinstri hreyfinguna grænt framboð sem fengi þá einn borgarfulltrúa. Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn fengu engan borgarfulltrúa kjörin, en 4,8 prósent

sögðust myndu kjósa Framsóknarflokkinn og 2,2 prósent sögðust myndu kjósa Frjálslynda flokkinn. Tæpt prósent sagðist myndu kjósa einhvern annan lista.

Þeir flokkar sem nú mynda Reykjavíkurlistann hafa samkvæmt könnuninni stuðning 43,3 prósent svarenda sem tóku afstöðu, en fengu 52,6 prósent atkvæða í síðustu kosningum og 8 borgarfulltrúa. Frjálslyndi flokkurinn hlaut 6,1 prósent atkvæða í síðustu kosningum og einn borgarfulltrúa.

Ef lítið er til allra svarenda höfðu 34,1 prósent þeirra sem talað var við ekki gert upp hug sinn og sögðust óákveðin. Mun fleiri konur, segjast óákveðnar en karlar, en 40 prósent kvenna sögðust óákveðin en 28,3 prósent karla.

Lítill munur er á afstöðu kynjanna til stjórnmalaflokka. Þó

segjast heldur fleiri karlmenn, eða sex prósent þeirra sem taka afstöðu, myndu kjósa Framsóknarflokkinn, en 3,4 prósent kvenna. Þá eru konur aðeins líklegri til að kjósa Samfylkinguna en karlar, en 30,9 prósent kvenna sem tóku afstöðu sögðust myndu kjósa Samfylkingu á móti 28,8 prósentum karla.

Könnun var gerð dagana 27. og 28. ágúst. Hringt var í 800 Reykvikinga, skipt jafnt milli kynja og valið af handahófi úr þjóðskrá. Spurt var: „Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til borgarstjórnarkosninga nú?“ og tóku 56,8 prósent svarenda afstöðu til spurningarinnar.

[svanborg@frettabladid.is](mailto:svanborg@frettabladid.is)

Niðurstöðurnar góð tífandi fyrir Sjálfstæðisflokkinn:

## Verður að halda vel á spilunum

**KÖNNUN** Sjálfstæðismenn mega vel við una en samt er kálið ekki sopið þótt í ausuna sé komið. Þetta segir prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands um niðurstöður skoðanakönnunar Fréttablaðsins á fylgi reykvisku stjórnmalaflokka.


„Fyrir Sjálfstæðisflokkinn eru þetta jákvæð skilaboð,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. „Á svipuðum tíma fyrir síðustu kosningar var flokkurinn hins vegar líka með ágæta forystu en það dugði þó ekki til. Þeir þurfa því, ef maður dæmir af reynslunni, að hafa býsna gott forskot til að eiga möguleika á að sigra á endanum.“ Hann bætir því við að svo virðist sem fylgi flokksins sé oft ofmetið í skoðanakönnunum.

Gunnar Helgi segir að afleiðingar þess að flokkarnir sem áður mynduðu Reykjavíkurlistann bjóði fram hver í sínu lagi




GUNNAR HELGI KRISTINSSON

séu þegar að koma í ljós. „Í borgarstjórn eru bara fimmtán borgarfulltrúar og það er óvenju lítið. Það er hins vegar mikill þröskuldur fyrir litla flokka að yfirstíga og skaðar þá vinstri vænginn þegar þeir bjóða fram hver í sínu lagi því þá falla mörg atkvæði dauð.“ -shg



„HVAÐA LISTA MYNDIR ÞÚ KJÓSA EF GENGIÐ YRÐI TIL BORGARSTJÓRNARKOSNINGA NÚ?“  
Könnun Fréttablaðsins 27. og 28. ágúst.



FJÖLDI BORGARFULLTRÚA  
Sjálfstæðismenn fengu níu borgarfulltrúa, Samfylkingin fimm og Vinstri grænir einn. Framsókn og Frjálslyndir fengu engan.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir um niðurstöður könnunarinnar:

## Góð útkoma Samfylkingarinnar

**KÖNNUN** „Það væri slæmt fyrir borgarbúa ef úrslit kosninga yrðu á þennan veg,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, borgarstjóri og borgarfulltrúi Samfylkingarinnar. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins fengi Sjálfstæðisflokkurinn hreinan meirihluta ef kosið væri nú.

Steinunn Valdís segir útkomu Samfylkingarinnar góða en telur eðlilegt að staða Sjálfstæðisflokksins mælist sterk um þessar mundir.

„Mikið hefur verið fjallað um framboðsmál sjálfstæðismanna að undanförunum, fókusinn hefur verið á þeim. En fyrir Samfylkinguna eru þetta finar niðurstöður og í samræmi við fylgi flokksins í borginni í síðustu þingkosningum.“

Rúm fjórutíu prósent aðspurðra tóku ekki afstöðu og telur Steinunn Valdís líklegt að þar séu á ferðinni kjósendur Reykjavíkurlistans sem enn eru að átta sig á þeirri stöðu að



STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR Telur líklegt að margir óákveðinna séu kjósendur Reykjavíkurlistans sem enn séu að átta sig á að listinn býður ekki fram í kosningunum í maí.

listinn býður ekki fram í næstu kosningum.

Steinunn Valdís segir Samfylkinguna ekki líða fyrir neikvæða umræðu í garð Reykjavíkurlistans en greinilegt sé að samstarfsflokk-

arnir, Framsóknarflokkur og Vinstri grænir gjaldi hennar. „Þessar niðurstöður benda til þess að slagurinn standi milli Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins.“ - bps



STRÁKARNIR OKKAR




# HVAÐA TÝPA ERT ÞÚ?

FABRIKIAN / BALDUR KRISTJÁNS

## Toshiba Satellite M40-183

Intel® Centrino™ tækni  
Örgjörvi: Intel Pentium M 1.6GHz 2MB  
Minni: 512MB DDR Minni (Mest 2GB)  
Diskur: 60GB  
Skjár: 15.4" WXGA (1280x800)  
Skjástýring: ATI X300 64MB  
Geisladrif: DVD Geislaskrifari  
Media Bay kortalesari  
Práðlaus netstýring 54Mbps  
10/100 netspjald og V.90 mótald  
VGA & Sjónvarpstengi  
3x USB 2.0, FireWire  
Pyngd 2.78 kg  
Rafhlaða allt að 3.7 klst  
Hugbúnaður: Windows XP PRO,  
Internet Security (90 daga),  
MS One Note 2003



Verð:  
**4.123 kr. á mán.\***  
\*M.v. 36 mánaða 100%  
tölvukaupalán frá TM

**VERÐ: 144.700 kr.**


### Kaupuki:

Fartölvubakpoki, mús og  
MS OneNote fylgir öllum  
Toshiba tölvum.



### 3 fyrir 1

Microsoft hugbúnaður fyrir  
þrjár heimilistölvur á aðeins  
13.900 kr.


**TM tölvukaupalán 100% lán**   
til allt að 36 mánaða á 9,5% vöxtum.  
Einnig býðst fartölvutrygging fyrir  
lántakendur. Greitt er fyrir eitt  
ár en annað ár er frítt.

## Toshiba Satellite M40-183 er mín týpa

Stílhrein og flott vél sem er ríkulega hlaðin búnaði. Öflugt skjákort gerir þér auðveldlega kleift að spila leiki. Í gegnum FireWire tengið flytur þú myndir beint úr stafrænu videótökuvélinni inn á tölvuna. Toshiba easy guard tryggir að gögnin þín eru öruggari. Þetta er öflug tölva sem hentar öllum.

## Hvaða **TOSHIBA** týpa ert þú?

➤ Kiktu á [www.taeknival.is](http://www.taeknival.is) og taktu þátt í TOSHIBA-týpuleiknum og þú gætir unnið fartölvu.

☐ 50 fyrstu kaupendur Toshiba fartölva hjá Tæknivali fá inneign í Pennanum  að verðmæti 3.000 kr.

# Tæknival

SAMSTARFSADILAR:  
Penninn - Hallarmúla / Penninn - Akureyri - [www.penninn.is](http://www.penninn.is) / Tölvuþjónusta Vesturlands - Borgarnes - [tvest@simnet.is](mailto:tvest@simnet.is)  
Netheimar - Ísafjörður - [www.netheimar.com](http://www.netheimar.com) / Eyjatölvur - Vestmannaeyjum - [www.eyjatolvur.com](http://www.eyjatolvur.com)  
Tölvuþjónusta Vals - Keflavík - [tv@mi.is](mailto:tv@mi.is) / Tölvu- og tækjabúðin - Ólafsvík  
Martölvan - Höfn í Hornafirði - [www.martolvan.is](http://www.martolvan.is)

SKEIFUNNI 17 SÍMI: 550 4000 [www.taeknival.is](http://www.taeknival.is)  
Opíð virka daga 9-18, laugardaga 11-16





## VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvar voru haldnir útitónleikar um helgina?
- 2 Hvernig sýru var reynt að smygla til landsins fyrir fáeinum dögum?
- 3 Hver sigraði í kraftakeppninni Suðurnesjatröllid?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30



FLUGVÖLLURINN Í VATNSMÝRI Skoða á kosti þess að hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmyri og kosti þess að flytja hann.

## Framtíð Reykjavíkflugvallar: Meta kostnað og aðra þætti

**SAMGÖNGUR** Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar og skipulags- og byggingarsvið borgarinnar hefja á næstunni athugun á mögulegri styttingu flugbrauta Reykjavíkflugvallar og hugsanlegum flutningi flugvallarins á aðra staði á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrst verða metnir allir þeir staðir sem til greina koma fyrir flugvöllinn í framtíðinni og í framhaldi af því verða vænlegustu kostir metnir með hliðsjón af stofnkostnaði, veltengingum, legu flugbrauta og skipulagi flugvallarsvæðisins. Vinnan er hugsuð sem innlegg borgaryfirvalda í samstarfi við samgönguráðuneytið um framtíð flugvallarinnar. - bpg

## Sandgerðisbær: Selur vatnsveituna

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Samþykkt hefur verið í bæjarráði Sandgerðisbæjar að hefja samningaviðræður við Hitaveitu Suðurnesja um yfirtöku hennar og kaup á Vatnsveitu Sandgerðisbæjar. Vatnsveitan er metin á 135 milljónir, en þegar búið er að afskrifa lagnir er matið um 108 milljónir.

Óskar Gunnarsson, forseti bæjarstjórnar í Sandgerði, segir þessa ákvörðun í samræmi við það sem sveitarfélögin á Reykjanesi hafi verið að gera. „Það er hagræði í því að þessi rekstur sé á einni hendi.“ Stefnt er að því að sölu verði lokið fyrir áramót. - ss

Útbrot og ofsakláði eftir baðferð í Botnsvatn við Húsavík:

## Varað við sýkingarhættu

**SJÚKDÓMAR** Fuglablóðögður, sem valdið geta sundmannakláða í mönnum og leitt til útbrot og ofsakláða, fundust nýlega í meira magni í Botnsvatni ofan Húsavíkur en dæmi eru um í nokkrum öðrum vatni eða tjörn á Íslandi. Fuglablóðagða varð fyrst vart í Botnsvatni í fyrra og þá sýktust tugir manna af sundmannakláða. Í kjölfarið settu heilbrigðisyrifvöld á Húsavík upp skilti sem varar við sýkingarhættunni en þrátt fyrir varnaðarorð hafa nokkrir smitast í sumar.

Porkell Björnsson, heilbrigðisfulltrúi á Húsavík, segir textann á skiltinu eingöngu á íslensku en í

ljósi nýrra upplýsinga um sýkingarhættu verði varnaðarorðum á fleiri tungumálum bætt við, þó líklega verði það ekki fyrr en á næsta ári.

Grunsemdir vöknudu í sumar um að fuglablóðögður væri einnig að finna í baðlólinu sunnan Húsavíkur en ekki hefur tekist að staðfesta það. Þorkell Björnsson segir baðlónið á ábyrgð Orkuveitu Húsavíkur en vatnið hafi lítið verið rannsakað. „Við vitum ekki betur en baðlónið sé hreint en ef annað kemur í ljós þá grípum við til viðeigandi aðgerða,“ segir Hreinn Hjartarson, veitustjóri Orkuveitu Húsavíkur. - kk



**SJÚKLINGUR MED SUNDMANNAKLÁÐA** Lirfur fuglablóðagða fundust fyrst á Íslandi árið 1997 í tjörn í Húsdýragarðinum í Reykjavík eftir að hafa valdið útbrotum og ofsakláða hjá fjölda fólks tvö ár þar á undan.

## Útlendingar ásælast fíkniefnamarkaðinn

Gríðarlegt magn amfetamíns og e-taflna er framleitt í Eystrasaltslöndunum. Smygltilraun Litháa brennisteinssýru til landsins er talin vísbending um að erlendir glæpahópar vilji flytja þekkingu sína hingað.

**EITURLYF** Þórarinn Tyrfingsson yfir-læknir á Vogu segir tilraun Litháa til að smygla hingað til lands brennisteinssýru vísbendingu um að erlendir glæpamenn kunni að vera að reyna að flytja þekkingu sína hingað til lands. Sýran er meðal annars notuð til framleiðslu amfetamíns og amfetamínafbrigða á borð við e-töflur.

„Einstaklingar hafa verið að gera þetta að eigin frumkvæði í heimahúsum, en nú er vöknud spurning um hvort menn eru að flytja á skipulegan hátt inn til Íslands þekkingu sem þeir hafa þróað á sínum heimaslóðum,“ segir Þórarinn og bætir við að ýmislegt bendi til að erlendir glæpamenn renni hýru auga til fíkniefnamarkaðarinnar hér.

Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkflugvelli, segir lögreglu hafa undirbúið sig til að takast í auknum mæli á við skipulagða glæpastarfsemi og vísar til starfshópa á vegum lögreglu og tollgæslu sem farið hafi yfir löggjöf og skoðað hvar bæta mætti úr. Hann segir smygtilraun Litháans ekki eina og sér kalla á breytt vinnubrögð, þó svo hún bendi vissulega til aðkomu alþjóðlegra glæpasamtaka.

„Ég held að löggæslumenn séu almennt meðvitaðir um þessa þróun. Þessi erlendu burðardýr sem við höfum verið að glíma við um hartnær þriggja ára skeið voru kannski fyrsta vísbendingin sem við fengum um að þessir glæpahópar væru að skipuleggja sig betur,“ segir hann og bætir við að burðardýrin komi frá fjölda þjóðlanda. „Hins vegar má segja að



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

**EFNIVIDUR TIL METAMFETAMÍNFRAMLEIÐSLU** Efnin hér að ofan voru tekin í rasslu lögregluvirkvalda í Kansas í Bandaríkjunum í byrjun árs. Árlega kemst upp um fjölda framleiðslustaða amfetamíns í Bandaríkjunum þegar í þeim kviknar, en mikil eldhætta fylgir framleiðslunni.

þrátt fyrir að amfetamínframleiðsla hafi verið reynd hér, þá er þetta, eftir því sem ég best veit, í fyrsta skipti sem við höfum mjög sterka vísbendingu um að sú framleiðsla tengist erlendum aðilum.“ Þá segir hann að ekki þurfi að koma á óvart hvers lenskur maðurinn er. „Við vitum að í Eystrasaltsríkjunum er hvað mest framleiðsla e-taflna og am-

fetamíns í Evrópu.“

Jakob Kristinsson, dósent í eiturefnafræði við Háskóla Íslands, segir ekki hægt að finna út framleiðslustað amfetamíns með efnagreiningu. „En hins vegar er hægt að greina frá hvaða verksmiðju efnid kemur, en það segir ekkert til um í hvaða landi það er framleitt,“ segir hann.

olikt@frettabladid.is

Sjaldgæf orkidea:

## Saurdaunn af blóminu

**MELBOURNE, AP** Sjaldgæf orkidea frá Nýju-Gíneu blómstraði í annað skipti á þrjátíu árum í Melbourne í Ástralíu í gær. Margir komu til að sjá orkideuna blómstra enda er hún ægífögur.

Böggull fylgir þó skammrifi, lyktin af orkideunni þykir vægast sagt viðbjóðsleg. Blómið gefur frá sér sterka lykt til þess að laða að sér flugur sem það síðan étur. Umsjónarmaður grasagarðsins þar sem orkidean er lýsir lyktinni á eftirfarandi hátt: „Ef þú blandar saman tveggja til þriggja daga gömlu rotandi kjöti og kúaskít held ég að þú kæmist ansi nærri lyktinni.“



**PRÍMATAR** Átta dýr af tegundinni homo sapiens voru til sýnis í dýragarðinum í Lundúnum.

Dýragarður í London:

## Hefur fólk til sýnis

**DÝRAGARÐUR** Í dýragarðinum í Lundúnum getur þú talað við dýrin og sum þeirra svara þér líka. Um helgina voru til sýnis í dýragarðinum átta dýr af tegundinni homo sapiens. Þarna voru á ferðinni átta breskir sjálfboðaliðar, þrjú karlar og fimm konur, klæddir í sundföt með fíkjulauf sem skýldu viðkvæmstu stöðum. Þetta uppátæki yfirmanna dýragarðsins átti að sýna gestum og gangandi að maðurinn er þegar allt kemur til alls aðeins prímát eins og aðrir apar. ■

## Ísland og Víetnam: Skrifað undir samning

**UTANRÍKISMÁL** Fyrir helgi skrifuðu Gunnar Snorri Gunnarsson, ráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins, og Vu Dung, sérlegur fulltrúi forsætisráðherra Víetnam, undir tvíhliða samning Íslands og Víetnam um viðskipti milli landanna.

Hér fundaði Dung meðal annars með Bolla Þór Bollasyni, ráðuneytisstjóra forsætisráðuneytis, fulltrúum fyrirtækja og með Víetnömum sem hér eru búsettir.

Fjölmiðlar í Víetnam sögðu Dung hafa þakkað stjórnvöldum hér sérstaklega sveigjanleika í viðræðunum, sem eru hluti af aðildarferli Víetnam og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO), og hjálp við Víetnama sem hér búa. - óká

Evrópusambandið íhugar að stefna hollensku ríkisstjórninni:

## Ákvörðun vegna fuglaflensu ólögsmæt

**FUGLAFLENSA** Hollendingar eiga hugsanlega yfir höfði sér málsókn vegna ákvörðunar sinnar um að skylda bændur til að halda alifuglum sínum innan dyra vegna hættunar á fuglaflensuþeni, að því er breska blaðið The Guardian skýrir frá.

Lögfræðingar Evrópusambandsins íhuga hvort höfða eigi mál á hendur hollensku ríkisstjórninni vegna ákvörðunarinnar, því hún hafi stangast á við reglur Evrópusambandsins. Þeir segja að taka skuli ákvörðun sem þessa á sameiginlegum grundvelli og einnig að Hollendingar brjóti lög með því að selja frjálsa kjúklinga á sama verði og áður, þrátt fyrir að þeir séu ekki lengur frjálsir.

Ótti á fuglaflensufaraldri í Evrópu jókst í fyrradag þegar finnski landbúnaðarráðherrann tilkynnti um grun um



**KJÚKLINGAR** Evrópusambandið er ósátt við ákvörðun Hollendinga um að banna útgang alifugla.

fuglaflensutilfelli í norður-Finlandi. Niðurstöðu úr rannsóknum

er að vænta innan þriggja vikna. - sda

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

ALLIR LEIKIRNIR SEM SKIPTA MÁLI Í BEINNI Á SÝN

ÁSKRIFTARTILBOÐ TIL ÁRAMÓTA:  
 // EINN MÁNUÐUR FRÍTT  
 // SÝN PLÚS FRÍTT  
 // 10 ERLENDAR SPORTRÁSIR FRÍTT\*  
 VERÐ AÐEINS 4.092 KR. Á MÁNUÐI

\*Sýn plús og erlendar sportrásir nást aðeins á dreifisvæði Digital Island

**SYN**  
besta sætið



# Hive Lite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL,  
OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

**3.990**

Á MÁNUÐI?\*

\*M.v. 12 mánaða samning.

Það er ekkert mál að skipta.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 [hive@hive.is](mailto:hive@hive.is)







**HRESSANDI** Þátttakandi í alþjóðlegu maraþonmóti í Mexíkóborg sem haldið var í gær, kælir sig með því að hlaupa undir vatnsúðara. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sveitarstjórinn í Dalabyggð segir uppgang í atvinnulífnum:

## Sláturhúsið aftur í rekstur

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Verið er að leggja lokahönd á breytingar í sláturhúsinu í Búðardal. Dalaland, nýtt félag í eigu sveitarfélagsins, hefur tekið við rekstri sláturhússins, en í því var ekki slátrað síðasta haust. Ráðist var í breytingar á húsinu til að það fengi staðist ákvæði reglugerðar um sláturhús.

„Landbúnaðarráðuneytið gefur löggildingu og embætti Yfir-dýralæknis rekstrarleyfi,“ segir Haraldur Línal Haraldsson sveitarstjóri sem er í forsvari fyrir Dalaland. Hann segir að ráðist hafi verið í framkvæmdir í samráði við og með samþykki

ráðuneytisins. „Við stefnum að því að vera komin með leyfi áður en vígslan fer fram 4. september.“ Náðst hafa samningar við kjótvinnsluna Norðlenska um kaup á afurðum Dalalands.

Haraldur segir uppgang í Dalabyggð og þar spili væntanlega bætta atvinnuhorfur inn í. „Hér er einn að byggja hús, tveir aðrir búnir að fá úthlutað lóðum fyrir einbýlishús og svo er einn úr Reykjavík að hefja byggingu á sex leigubúðum í þremur parhúsum.“ Auk vinnslunnar í sláturhúsinu þá fjölga störfum með fyrirhugaðri stækkun hjúkrunarheimilisins að Fellsenda í



**BÚÐARDALUR** Sveitarstjóri Dalabyggðar segir heilsársstörf í sláturhúsinu, sem lokað var í fyrra, hafa verið 25 þegar það var í fullum rekstri. Hann gerir ráð fyrir að sláturhúsið muni ná fyrri stærð.

Döllum og með starfsemi ungmennabúða að Laugum, sem hófu rekstur um áramót. -Óká

### DANMÖRK

**DANSKA RÍKISSJÓNVARPIÐ ÁVITT** Sjónvarpsstöðin TV2, sem rekin er af danska ríkissjónvarpinu, var fyrir í vikunni ávitt fyrir að heimila kostun á veðurfréttum stöðvarinnar, en dönsk lög banna kostanir á fréttatengdu efni. Stöðin var einnig ávitt fyrir að gera hlé á þáttum fyrir auglýsingar og birta dulin auglýsingaskilaboð.

### SVEITARSTJÓRNAMÁL

**UMRÆÐUTORG** Félagsmálaráðuneytið hefur opnað umræðutorg á vefnum um sameiningu sveitarfélaga. Þar er hægt að skiptast á skoðunum um tillögur sameiningarnefndar og ræða um kosti þeirra og galla. Slóðin á umræðutorgið er felagsmálaráðuneyti.is/umraedan.



**DESDÝR** Desdýr líkjast köttum og éta allt sem tönn á festir. Þau gefa frá sér sterka moskuslykt.

Fuglaflensa í Víetnam:

## Þrjú desdýr hafa drepist

**VÍETNAM, AP** Þrjú desdýr af afar sjaldgæfri tegund hafa drepist úr fuglaflensu í þjóðgarði í Víetnam. Er það í fyrsta skipti sem flensan greinist í þessari tegund dýra, að sögn forstöðumanna þjóðgarðsins.

Sýni úr desdýrunum, sem drápuð um miðjan júní, voru send til ræktunar og upp úr dúrnunum kom að þau voru öll sýkt af H5N1-stofni fuglaflensunnar. Sýni hafa verið tekin úr öðrum dýrum og fuglum í þjóðgarðinum en engin fuglaflensa fundist og enn er upptakanna því leitað. Desdýrunum var aldrei gefið fuglakjöt að éta. Vísindamönnum þykir þetta bera vott um það hversu hættuleg fuglaflensan sé.

# Fjórðungur er allt of feitur

Sílspikuðum Bandaríkjamönnum fjölga hraðar en nokkru sinni fyrr og lætur nærri að fjórðungur landsmanna glími við offitu. 57 prósent íslenskra karla eru yfir kjörþyngd.

**OFFITA** Bandaríkjamenn fitna nú hraðar en nokkru sinni fyrr en talið er að 64,5 prósent þjóðarinnar séu yfir kjörþyngd. Áróður fyrir heilsusamlegri lífnaðarháttum virðist litlu hafa skilað.

Bandaríkjamenn eru feittasta þjóð í heimi og ný rannsókn samtakanna Trust for America's Health sem sagt er frá á heimasíðu BBC bendir til að þeir bæti enn á sig kílóunum. 119 milljónir Bandaríkjamanna eða 64,5 prósent glíma annað hvort við ofþyngd (nokkuð yfir kjörþyngd) eða offitu (umtalsvert yfir kjörþyngd).

Á síðasta ári fjölgaði þeim sem glíma við offitu í 48 ríkjum Bandaríkjanna. Aðeins íbúar Oregon-ríkis í norðvesturhluta landsins stóðu í stað í þessum efnunum en þar er rúmlega fimmtungur íbúanna of feitur. Hawaii var ekki með í rannsókninni.

Á landsvísu fjölgaði offitusjúklingum um tæpt prósentu-

### HLUTFALL OFFITUSJÚKLINGA AF ÍBÚAFJÖLDA RÍKJA

1. Mississippi	29.5%
2. Alabama	28.9%
3. Vestur-Virginía	27.6%
50. Colorado	16.4%

stig, árið 2004 voru 24,5 prósent Bandaríkjamanna of feit samanborið við 23,7 prósent árið 2004. Í tíu ríkjum stríðir ríflega fjórðungur íbúanna við sjúklega offitu. Mississippi-búar eru feittastir allra en íbúar Alabama og Vestur-Virginíu fylgja þeim fast á eftir.

Slæmt mataræði og almennt hreyfingarleysi er skýringin á þessu holdafari og virðist áróður stjórnvalda fyrir bættri heilsu hafa jafn mikil áhrif og vatnsskvettur á gæs. Trust for America's Health telur að árið 2008 verði 73 prósent landsmanna yfir kjörþyngd og þá sé voðinn víð. Offitutengdir sjúkdómar á borð við sykursýki og hjartasjúkdóma myndu sliga heilbrigðiskerfið og kosta skattgreiðendur milljarða dala. Engar líkur eru sagðar á að máneldismarkmið ríkisstjórnarinnar um að minnka offitu um 15 prósent fyrir árið 2010 náist.

Holdafar Íslendinga er aðeins skárra, þó ekki mikið. Samkvæmt niðurstöðum Landskönnunar á mataræði 2002 voru um 57 prósent karla og fjörutíu prósent kvenna á aldrinum 15-80 ára yfir kjörþyngd.

sveinng@frettabladid.is



**ÖRLÍTIÐ YFIR KJÖRÞYNGD** Spár benda til að árið 2008 verði 73 prósent Bandaríkjamanna í þessum sporum.

# Sönglist og Borgarleikhúsið

bjóða upp á kennslu í leiklist og söng í hringiðu leiklistarinnar.

Nemendasyning í Borgarleikhúsinu í lok annar.

Byrjendur- og framhaldsnemendur:

7 - 9 ára | 10 - 11 ára | 12 - 13 ára | 14 - 16 ára | 17 - 19 ára



Hrefna Hallgrímsdóttir  
Leiklistarkennari  
(University of West Florida)



Gunnar Helgason  
Leiklistarkennari  
(Leiklistarskóli Íslands)



Kolbrún Anna Björnsdóttir  
Leiklistarkennari  
(Royal Welsh College of Music and Drama)



Kristbjörg Kari Sólmundsdóttir  
Söngkennari  
(Söngskólinn í Reykjavík)



Laufey Brá Jónsdóttir  
Leiklistarkennari  
(Leiklistarskóli Íslands)



Svava Kristín Ingólfssdóttir  
Söngkennari  
(Söngskólinn í Reykjavík)



Unnur Elísabet Gunnarsdóttir  
Danskennari  
(Kungliga Svenska Balletskolan)



Þóra Ólafsdóttir  
Listföðunarfræðingur  
(Listföðunarfræðingur)



Þrúður Vilhjámsdóttir  
Leiklistarkennari  
(Leiklistarskóli Íslands)

Kennsla hefst 12. september

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur

Innritun í síma  
590-8838  
861-6722

**SÖNGLIST**  
Söng- og leiklistarskóli

songlist@borgarleikhus.is <http://songlist.ismennt.is>



**FYRSTU SKÓFLUSTUNGUNAR** Væntanlegur nemendum nýs leik- og grunnskóla að Völlum í Hafnarfirði fannst gaman að taka saman fyrstu skóflustunguna að Hraunvallaskóla.

Nýr skóli í Hafnarfirði:

## Börnin tóku skóflustungu

**MENNTAMÁL** Væntanlegur nemendur Hraunvallaskóla í Hafnarfirði tóku fyrstu skóflustunguna að skólanum á föstudag. Viðstaddir voru Lúðvík Geirsson bæjarstjóri og fulltrúar Hraunmóta sem byggja fyrsta áfanga skólans.

Gert er ráð fyrir að hægt verði að hefja starfsemi í skólanum strax næsta haust og að skólahúsið verði fullbúið haustið 2009. Hraunvallaskóli mun þjóna öllum íbúum á Völlum en íbúafjöldi í hverfinu hefur margfaldast undanfarin ár.

-aðe



# LÚXUS JEPPAR

- á betra verði



Mercedes Benz ML 350  
V6 / 3,5 L / 272 hö

Helsti staðalbúnaður:

- Sjálfskipting 7G-TRONIC
- ABS BAS hemlakerfi
- ESP stöðugleikakerfi með skriðstilli
- Hraðanæmt stýri
- ISOFIX festingar fyrir tvo barnastóla
- Thermatic - sjálfvirkt hita- & loftræstikerfi
- Sítengt aldrif
- ASR spólvörn
- 17" léttmálmsfelgur
- 8 líknarbelgír
- Rafdrifin framsæti ofl. ofl.

Aukabúnaður:

- Tvíþætt leðurinnrétting
- Rafdrifn gler topplúga
- Harman/Kardon Digital Surround hljómk.
- 11 hátalarar & bassabox
- Geisladiskamagasín
- Comand aðgerðaskjár
- Regnskynjari
- Viðarklæðning í mælaborði
- Þjóf- & dráttarvörn
- Upphituð framsæti
- Dökkar afturrúður

Verð kr. 6.550.000



Range Rover SPORT HSE  
V8 / 4,4 L / 299 hö

Helsti staðalbúnaður:

- Sjálfskipting
- Rafræn loftþrúðafjöðrun Terrain Response
- EBA neyðarhemlun
- DSC stöðugleikastýring
- 4 rása fjölvirkt ABS hemlakerfi
- 19" léttmálmsfelgur
- Tölvustýrð miðstöð
- Skynvæddur skriðstillir
- Rafstýrð framsæti með mjóhryggsstuðning
- Bi-Xenon með hornljósum
- Fjarlægðarskynjarar framan & aftan
- Leiðsögukerfi Premium
- ICE fjarstýring
- Ljós í hurðum
- Þjófavörn
- Aksturstölva ofl. ofl.

Aukabúnaður:

- Rafdrifin gler topplúga
- Harman/Kardon Digital Surround hljómk.
- DVD afþreyingarkerfi fyrir aftursæti
- Privacy spegilgler
- Regnskynjari
- Upphituð framsæti

Verð kr. 8.990.000



Volvo XC 90 - 7 manna  
5 cyl / 2,5L Turbo / 210 hö

Helsti staðalbúnaður:

- Geartronic sjálfskipting 5 gíra
- ABS helmakerfi
- EBD hemlajöfnun
- DSTC RSC spólvörn & stöðugleikastýringu
- WHIPS bakhnykksvörn
- AQS lofthreinsikerfi
- Aksturstölva
- ECC tölvustýrð loftkæling m/ hitastýringu
- Hleðslujafnari
- SIPS hliðararékkstrarvörn
- 17" léttmálmsfelgur
- Audio High Performance Volvo hljómtæki
- 8 hátalarar & geislaspillari
- Upphituðir útispeglar
- Upphituð framsæti ofl. ofl.

Aukabúnaður:

- 7 manna leðurinnrétting
- Rafdrifin gler topplúga
- Rafdrifð ökumannssæti með minni
- Regnskynjari
- Viðar- & áláferð á mælaborði
- Dökkar afturrúður
- Viðar stýrishjól

Verð kr. 5.790.000



MASTER

Glæsibæ, Álfheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200, [www.masterbill.is](http://www.masterbill.is)



## „ORÐRÉTT“

„Prátt fyrir þessi orð er þetta hinn sami Sacranie og sagði, árið 1989, að „dauði væri hugsanlega of væg refsing“ fyrir höfund „Söngva Satans“.

SALMAN RUSHDIE RITHÖFUNDUR Í FRÉTTABLAÐINU.

„Það er óskrifuð regla að stjórnmalamenn fá að kynna framboð sín til embættis í fullkomnum friði.“

ÖSSUR SKARPHÉDINSSON PINGMAÐUR Í FRÉTTABLAÐINU.

## HVAD ER AÐ FRÉTTA? GRÍMUR GÍSLASON FRÉTTARITARI

## Norðanáttin ríkjandi og fjöllin með hvíta kolla

„Það nærtækasta er að hér er norðanátt ríkjandi, golan er köld en það er bjart,“ svarar Grímur Gíslason, fréttaritari Ríkisútvarpsins á Blönduósi, aðspurður um helstu tíðindi. Grími er náttúran hugleikin og fylgist vel með áhrifum hennar á mannanna verk. „Bændur hafa verið að hirða hána sína enda nota þeir til þess hverja stund þegar ekki rignir. Greinargóðar fréttir Gríms af aflabrogðum í húnvetnskum laxveiðiám eru mörgum kunnar en hann hefur verið fréttaritari Ríkisútvarpsins um langt árabil. „Ég sendi fréttir tvisvar í mánuði og fer í það um næstu helgi að taka saman nýjar tölur,“ segir Grímur en að hans sögn hefur veiðin almennt verið góð þótt árnar hafi verið svolítið seinar til. „Svo gerðist það reyndar að Blöndulón fyllt-



ist upp úr miðjum mánuðinum og þá beljaði jökulvatnið niður Blöndu. Þá reyndist erfitt að veiða í ánni.“ Grímur stundar ekki laxveiðar sjálfur en gerði það fyrir áratugum þegar hann var stráklíngur. Það hvítuði í fjöllum í Húnavatnssýslunum um helgina og segir Grímur þau fögur ásýndar. „Það er ákaflega fallegt að horfa á fjöllin með þessar hvítu húfur. Hér er að verða haustlegt og töluvert lauffok var á dögnum.“ Göngur eru að hefjast í sýslunum og lögðu menn af stað inn á Hveravelli í þeim erindagjörðum í gær. Grímur fylgist vitaskuld með þeim eins og öðru markverðu sem gerist í Húnavatnssýslu.

nær og fjær  
tilveran

Í STUÐI MEÐ GUÐI Hindúatrúaðir Bangladesh-búar héldu helgina hátíðlega og fögnuðu fæðingu guðs síns, Krisna.

Landsmót hagyrðinga:

## Kristján Bersi heiðursgestur

Kristján Bersi Ólafsson, fyrrverandi skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði, verður heiðursgestur á Landsmóti hagyrðinga á Hótel Sögu á laugardag. Veislustjóri verður annar gamall skólamaður, Þór Vigfússon, fyrrverandi skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurlands, sem helst hefur helgað líf sitt draugum síðustu ár.

Skráning á landsmótið er í síma 824 5311 eða í netfanginu landsmot@hotmail.com.

Að sögn Sigrúnar Haraldsdóttur, sem situr í undirbúningsnefnd mótsins, er mikill hugur í hagyrðingum og útlit fyrir góða þátttöku. Má vænta fjórugrar og glaðlegrar samkomu enda segir máltækið: „Þar sem tveir eða fleiri hagyrðingar koma saman - þar er gaman.“

- bps



DRENGUR ÓLA OG JÓNA BENNÝ Höfuðstöðvar portus.is eru á Höfn í Hornafirði en lagerinn er á Akureyri.

## Kærustupar í Hornafirði selur hljómtæki á netinu

Ungt fólk á Hornafirði hefur hleypt af stökkunum vefverslun með hljómtæki og býður upp á vörur á borð við CAV, Xindak og Yamakawa.

Vefverslunin portus.is tók nýlega til starfa en í gegnum hana er hægt að kaupa hljómtæki af ýmsum stærðum og gerðum. Eigendur portus.is eru kærustuparið Drengur Óla Þorsteinsson og Jóna Benný Kristjánsdóttir sem búsett eru á Höfn í Hornafirði. Þaðan er Jóna Benný en Drengur Óla er ættaður frá Þórshöfn á Langanesi.

„Ég bjó í Svíþjóð og fylgdist með miklum uppgangi í allri vefverslun, ekki síst með hljómtæki,“ segir Drengur Óla sem lengi hefur haft áhuga á allra handa græjum. Þegar hann fluttist til Íslands á ný kannaði hann hvernig ástætt væri á net-hljóm-

tækjamarkaðnum og afréð í framhaldinu að opna vefverslun með Jónu Benný. „Ég varð mér úti um tölvukerfi og hafði samband við framleiðendur og úr varð portus.is,“ segir Drengur Óla. Vörumerkin sem þau skötu hjúin bjóða til kaups eru fæstum Íslendingum vel þekkt en þau eru til dæmis kínversku tækin CAV og Xindak, Yamakawa frá Þýskalandi og MarcusCables og Dynavoice frá Svíþjóð. Drengur Óla efast ekki um gæði þessara tækja og fullyrðir að í sumum tilvikum sé um sömu vöru að ræða og seld er í verslunum á Íslandi undir öðrum vörumerkjum. „Kína er að verða

helsta framleiðsluland heimsins og næstum öll raftæki eru framleidd þar. Og oft eru sömu tæki smíðuð fyrir mismunandi vörumerki.“

Drengur Óla segir þau Jónu Benný geta boðið mjög hagstætt verð því vörurnar fari til kaupanda nánast milliliðalaust frá verksmiðjunni. Þau taka þó sitt eins og gengur.

Vörunum verður dreift með Póstinum og segist Drengur Óla verða mjög svekktur ef þær berast ekki kaupendum einum til tveimur sólarhringum eftir viðskiptin.

bjorn@frettabladid.is

Venjulegt fólk. Ótrúlegur árangur! Askorunin sem hefur hjálpað hundruðum Íslendinga að komast í gott form er hafin! Skráningarsími: 555-2866 Upplýsingar: www.eas.is

**EAS** Líkami LÍFIÐ

**ÁSKORUN**

Hann gat það. Þú getur það!

**DV**

**Steingrímur Njálsson í Vesturbæinn**

**Foreldrar í KR-hverfinu varaðir við**

*þeirir þegar aðrir þegja!*

Íslandsmótið í kranastjórnun:

## Verðlaunahafarnir vinna saman

Þau undur og stórmerki urðu á Íslandsmóti í kranastjórnun á föstudag að þeir þrír sem unnu til verðlauna vinna allir hjá sama fyrirtækinu. Heitir það Feðgar ehf og sinnir alhliða byggingaverktöku.

Ingi Björnsson hafnaði í fyrsta sæti en það voru faðir hans og afi sem stofnuðu fyrirtækið. Er Ingi smíður að mennt og þriðji smíðurinn í beinan karlegg í fjölskyldunni. Ingi er sonur Björns Bjarnasonar sem aftur er sonur Bjarna Björnssonar.

„Þetta var mjög gaman og ég er ánægður með sigurinn,“ sagði Ingi þegar Fréttablaðið náði af honum tali í gær. Hann hefur gaman af að stjórna krana og segir starfið ekki einmanalegt eins og sumir kunna að

halda. „Það er liðin tíð að menn fari upp í kranana, nema kannski þá allra stærstu,“ segir hann. „Maður er bara niðri með strákuunum og stjórnar með fjarstýringu.“

Feðgar hafa yfir fimm krönum að ráða, eiga þrjá og leigja tvo. Í flotanum er meðal annars Liebherr 42 K1 krani en á slíkum verður keppt á Evrópumeistaramóti í kranastjórnun sem fram fer í Þýskalandi í haust. Ingi Íslandsmeistari verður vitaskuld okkar fulltrúi þar og sú keppni leggst vel í hann. „Ég hef komið til bæjarins þar sem mótið verður og þekki



KRANI Starf kranastjórnans er ekki jafn einmanalegt og margur kann að halda.

því aðstæður. Svo erum við með 42 K1 krana þannig að ég get æft mig á honum.“

Ómar Theodorsson, samstarfsmaður Inga hjá Feðgum, varð annar og vakti árangur hans talsverða athygli þar sem Ómar hefur aðeins sinnt kranastjórnun í fimm mánuði. Í þriðja sæti hafnaði svo Bjarni Bjarnason en hann er einmitt föðurbóðir Inga Íslandsmeistara.

Yfir 40 keppendur tóku þátt í þessu fyrsta Íslandsmóti í kranastjórnun, meðal annars einn frá Akureyri.

bps



# Hvergi betra verð!

# Europpris



**189.-**

RÚÐUVÖKVI

4 lítrar

**790.-** pr. m<sup>2</sup>

PLASTPARKET

eik / kirsuber - 7 mm



**14900.-**

LOFTPRESSA

190 l min, 24 l tankur



**59900.-**

STURTUKLEFI Í HORN

blöndunartæki + 2 sturtuhausar

90 x 90 x 2



**10900.-**

LASER GEREKTSÖG

M / BORDI OG SAGABLAÐI

1800 W - 230 V



**5950.-**

HÖGGBORVÉL Í TÖSKU

700 sn./min.

Aukahlutir á mynd fylgja



**39900.-**

BENSÍNRAFSTÖÐ

2,2 kW - 220 W - 12V



**2990.-**

RAFMAGNSHEFILL

600 w



**1990.-**

STINGSÖG

500 w



**5950.-**

FLÍASÖG

450 w - max 35 mm

Demantsblað 1290-



**2590.-**

HLEÐSLUBORVÉL

14,4 volt

**SENDUM UM ALLT LAND!**

Pöntunarsími **511 3322**

Visa | MasterCard raðgreiðslur

**OPIÐ 9 - 20**

Lau. og Sun. Opið 10 - 18

**1345.-** pr. fata

LOFTAMÁLNING - 10 LTR

mött

- Lynghálsi 4
- Skútuvogi 2
- Fiskislóð 3 (Granda)
- Selfoss, Austurveg 69

# Europpris



## SVONA ERUM VIÐ

NÚLIFANDI ÍSLENDINGAR SEM HAFA FARIÐ Í MEDFERÐ HJÁ SÁÁ:

Heimild: HAGSTOFAN

ALLS  
5,3 %  
KONUR  
7,5 %  
KARLAR  
3,0 %

## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL-GREINING: ÖKUTÆKJATRYGGINGAR

## Er lögreglan að innheimta fyrir tryggingafélögin?

Í fréttum í síðustu viku kom fram að hundruð ökutækja aka um götur landsins án lögboðinna trygginga. Hvaða tryggingar eiga menn að hafa, hverju má bæta við og hvað gerist ef tryggingar eru ekki borgaðar?

## Skyldutryggingar

Ábyrgðartrygging er lögboðin samkvæmt umferðarlögum en hún nær til þess tjóns sem notkun ökutækis veldur gagnvart öðrum, hvort sem um líkams- eða eignatjón er að ræða. Slysaftrygging ökumanns og eiganda er einnig lögboðin en hún nær til ökumannsins og eiganda ökutækisins sé hann farþegi í eigin bíl. Ef aðrir farþegar í ökutæki verða fyrir líkams- eða eignatjóni þá nær ábyrgðartryggingin yfir það tjón.

## Aðrar ökutækjaftryggingar

Vátryggingafélögin bjóða upp á annars konar



sérhæfðar tryggingar fyrir ökutæki sem þó ber ekki skylda til þess að kaupa. Margir kaupa kaskótryggingu af einhverju tagi sem tryggir skemmdir sem ökumaður veldur á eigin ökutæki sé hann í órétti. Kaskótrygging greiðir

einnig tjón af völdum eldsvoða, náttúruhamfara, þjófnaða og margra annarra orsaka. Framrúðutrygging er einnig valfrjals en hún bætir kostnað af nýrri framrúðu brotni sú gamla.

## Viðurlög

Bill sem ekki er ábyrgðar- og slysaftrygður er jafnframt ólöglegur á götum úti. Eðli málsins samkvæmt fellur trygging einnig úr gildi ef eigandi ökutækisins borgar tryggingarfélaginu ekki fyrir hana. Tryggingafélög láta þá lögreglu vita af bílum sem eru ótryggðir í umferðinni og lögregla á þá að klippa númerin af bílum og geyma þar til tryggingin hefur verið borguð. Því má að vissu leyti segja að lögreglan sjái um að innheimta fyrir tryggingafélögin þótt auðvitað sé verið að framfylgja lögum. Valdi ökumaður tjóni á ótryggðum bíl sér tryggingafélagið engu að síður um að bæta tjónið gagnvart þriðja aðila en á þá endurkröfurétt á eiganda ótryggða bílsins.

SPURT & SVARÐ  
UMHVERFISPIÖLL

HELGI JENSSON Forstöðumaður framkvæmda- og eftirlitssviðs Umhverfissvæðisverndarstofnunar

## Leirufjörður ekki einsdæmi

Er mikið um umhverfisspöll á borð við þau sem unnin hafa verið í Leirufirði? "Það eru dæmi um að svona gerist," segir Helgi Jenson, forstöðumaður framkvæmda- og eftirlitssviðs Umhverfissvæðisverndarstofnunar. "Ég get ekki sagt til um það hvort það er mikið eða lítið um þau enda er það matsatriði." Hvernig er eftirliti háttað?

"Þegar við fréttum af umhverfisspöllum um fórum við á staðinn og tókum ákvörðun um framhaldið miðað við það sem komið hefur í ljós við skoðun." Hvernig er brugðist við umhverfisspöllum?

"Almennt er málið kannað og viðbrögð eru ákveðin í framhaldi af því. Það getur verið allt frá því að viðkomandi aðili taki að sér að bæta tjónið án frekari afskipta og allt upp í það að málið verði kært."

Hver eru viðurlögin við umhverfisspöllum? "Ég þekki ekki nógu vel til laganna til að geta svarað því."



ERNA SOLBERG formaður Hægri flokksins



JENS STOLTENBERG formaður Verkamannaflokksins



KJELL MAGNE BONDEVIK formaður Kristilega þjóðarflokksins



KRISTIN HALVORSEN formaður Sósíalíska vinstri-flokksins



CARL I. HAGEN formaður Framfaraflokksins

## Stjórnarskipti óumflýjanleg

Kosningasamstarf vinstri flokkanna undir forystu Jens Stoltenbergs skilar árangri á sama tíma og foringjar deila innbyrðis á hægri væng norskra stjórnmála. Mest er fylgisaukning Verkamannaflokksins þegar tvær vikur eru til þingkosninganna.

Norðmenn ganga að kjörborðinu 12. september næstkomandi. Tveimur vikum fyrir kosningar til norska stórþingsins benda fylgiskannanir til þess að stjórnarflokkarnir undir forystu Kjell Magne Bondevik forsætisráðherra tapi miklu fylgi. Í grófum dráttum var fylgi hægri-flokkanna samanlagt um 54 prósent í síðustu kosningum en vinstri flokkarnir höfðu 46 prósent. Í andrúmi bendir flest til að dæmið snúist við og Jens Stoltenberg, formaður

## 165 ÞINGMENN ERU KJÖRNIR TIL SETU Á NORSKA STÓRÞINGINU.

## ÞINGFLOKKAR 2001 - 2005

Verkamannaflokkurinn	43
Hægri-flokkurinn	38
Framfaraflokkurinn	24
Sósíalíska vinstri-flokkurinn	23
Kristilega þjóðarflokkurinn	22
Miðflokkurinn	10
Vinstri	2
Strandbyggðaflokkurinn	1
Utan flokka	2

Verkamannaflokksins, setjist í forsætisráðherrastólinn í stað Kjell Magne Bondevik, studdur af Miðflokknum og Sósíalíska vinstri-flokknum.

## Samstaða til vinstri - sundrung til hægri

Stjórnarmynstur í Noregi er um margt frábrugðið því íslenska þar sem mörg dæmi eru um að vinstri og hægri flokkar sitji saman í ríkisstjórn. Í Noregi eru skýr mörk milli hægri og vinstri vængs stjórnmálanna. Vinstra megin miðjunnar eru nokkrir flokkar sem oftast standa saman og engin hefð er fyrir því að semja yfir miðlinna. Þannig er ekki við því að búast að Hægri-flokkurinn og Verkamannaflokkurinn fari saman í stjórn.

Ný fylgiskönnun, sem birt var fyrir helgina, sýnir að fylgi Verkamannaflokksins, Sósíalíska vinstri-flokksins og Miðflokkans sé samantlagt hátt í 53 prósent. Þessir þrjú flokkar hafa lýst því yfir að þeir ætli að mynda ríkisstjórn saman fái þeir nægilegan stuðning kjósenda. Kosningabaráttan þeirra hefur á margan hátt þótt vel heppnuð. Forystumenn flokkanna deila ekki sín á milli í fjölmiðlum og þeir hafa þegar samið um að Jens Stoltenberg, formaður Verkamannaflokksins, sé forsætisráðherraefni þeirra.

Hver höndin hefur verið uppi á móti annarri á hægri væng stjórnmálanna. Carl I. Hagen, formaður Framfaraflokksins, hefur lýst því



Norsku ÞINGKOSNINGARNAR

yfir að hann ætli aldrei aftur að styðja Kristilega þjóðarflokkinn og Kjell Magne Bondevik til valda. Ef til vill er of mikið sagt

að fullur fjandskapur ríki milli Hagens og Bondeviks, en deilur þeirra hafa ekki komið niður á fylgi Framfaraflokksins. Öðru máli gegnir um Kristilega þjóðarflokkinn sem hefur tapað upp undir helmingi fylgis síns undanfarnin tvö misseri. Framfaraflokkurinn, sem telst mjög hægri-sinnaður, hefur verið með 15 til 20 prósentu fylgi í skoðanakönnunum. Óhugsandi er fyrir Bondevik að halda völdum án stuðnings 24 þingmanna Framfaraflokksins eða annars stjórnmálaflokks með álfka mikinn þingstyrk. Segja má að sundrung og forystuleysi hrjái kosningabaráttuna á hægri væng norskra stjórnmála um þessar mundir.

Fylgisaukningin á vinstri væng norskra stjórnmála byggist fyrst og fremst á velgengni Verkamannaflokksins að undanförunu. Hann átti litlu láni að fagna í síðustu kosningum undir stjórn Jens Stoltenbergs. En hann er greinilega búinn að ná vopnum sínum á ný því fylgiskönnunir sýna fimm til tíu prósentustuiga fylgisaukningu að undanförunu og mælist það nú um 35 prósent.

Verkamannaflokkurinn er í bandalagi við Sósíalíska vinstri-flokkinn sem hefur tapað nokkru

fyldi að undanförunu. Kristin Halvorsen, formaður flokksins, setur skilyrði fyrir samsteypustjórn með Verkamannaflokknum, einkum um fjölskyldu- og velferðarmál. Sósíalíska vinstri-flokkurinn hefur um 12 prósentu fylgi samkvæmt niðurstöðum nýrra kannana og sækir það ekki síst í raðir opinberra starfsmanna.

## Slagur um persónufylgi á kostnað málefna

Kosningabaráttan hefur að margra mati tekið á sig nýjan blæ síðustu daga þar sem kosningamál-in vika fyrir baráttu forystumanna í fjölmiðlum og áherslum á persónufylgi.

Norðmenn þurfa ekki að hafa stórfelldar áhyggjur af efnahagsmálum. Ólíusjóður þeirra bólgnar sem aldrei fyrr og þeir hafa á ýmsa lund notið velgengni í viðskiptalíf-inu. Flokkarnir togast þó á um hversu langt skuli gengið á braut einkavæðingar. Verkamannaflokkurinn og Sósíalíska vinstri-flokkurinn vilja draga úr ferðinni. Ríkisrekstur er umfangsmikill í Noregi og eru mörg stærstu fyrirtækin í eigu ríkisins að miklu leyti. Statoil er að 70 prósentum í eigu ríkisins. Norska ríkið á 44 prósent í Norsk Hydro, meira en þriðjungs hlut í áburðar- og gasframleiðslufyrirtækjum og er auk þess stærsti einstaki hluthafinn í DnB Nor, stærsta banka Noregs.

Norska verkalyðshreyfingin hefur lýst yfir stuðningi við mögulega vinstri stjórn í von um að dregið verði úr einkavæðingu og störfum hjá hinu opinbera fækki ekki meira en orðið er.

Tekist er á um orkumál. Norðmenn velja því fyrir sér hvort þeir eigi að bæta stöðu sína á orku-markaði með því að framleiða raforku með jarðgasi í miklum mæli. Þá má einnig nefna deilur um öldrunarþjónustu og dagvistarmál barna.



FRÉTTASKÝRING  
JÓHANN HAUKSSON  
johann@frettabladid.is



37.511 kr

Dal.is

Eldshöfða 16  
Sími: 616 9606  
Opíð milli 12 - 16



# TÖLVULISTINN



# 1.73GHz Dothan

## ACER 4102WLMi Á VAXTALAUSU TILBOÐI

### ACER 4102WLMi 1.73GHz CENTRINO DOTHAN 2MB

**INTEL DOTHAN 2MB**  
Allra nýjasti örgjörvin frá Intel með 533MHz FSB, Enhanced SpeedStep tækni og 2MB flýminni



**8xDVD +/- SKRIFARI**  
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska



**MJÖG HLJÓÐLÁT**  
Intel Centrino tæknin skilar því að Acer Centrino ferðatölvan er mun lágværari en eldri ferðatölvan



**BREIÐTJALDSSKJÁR**  
15.4" WideScreen WXGA skjár með 1280x800 dpi upplausn ásamt TV-út tengingu í sjónvarp



**RADEON X700**  
Eitt nýjasta skjákortid frá ATI sem gengur á PCI-Express, skilar meiri afkastagetu og flottari grafík



**ALLT AÐ 4 TÍMA**  
Acer fartölvan er aðeins 2.95kg og með Centrino tækni endist rafhláðan í allt að 4 tíma



- Örgjörvi** 1.73GHz IntelPentium M Dothan740 Intel 915PM Express 533FSB-2MB cache
- Vinnsluminni** 512MB DDR2, 533MHz Stækkanlegt í 2GB
- Harödiskur** 80GB Ultra ATA100 Nóg pláss fyrir gögn og leiki
- Skjákort** 64MB ATI Mobility Radeon X700 Sjálfst. minni, PCI-Express 16x, TV-út
- Skjár** 15,4" WXGA breiðtjaldsskjár 1280x800dpi og TV-út tengi
- DVD Skrifari** 8xDVD ± RW Dual Layer skrifari Les og skrifar DVD og CD diska
- Hátalarar** Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
- Netkort** 10/100 base netkort Einnig 56K módem innbyggt
- Þráðlaust** 54Mbps þráðlaust netkort Innbyggt 54Mbps Wireless 802.11g
- Stýrikerfi** Windows XP Home Á íslensku eða ensku
- Tengi** 3xUSB2, FireWire, TV-út, VGA, PCMCIA, ofl.

# 119.900

AÐEINS 50 STK Á ÞESSU VERÐI - FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ

**acer**  
Service Partner

**TÖLVULISTINN**  
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK**  
Nóatúni 17  
Sími 562 6730

**AKUREYRI**  
Glerárgötu 36  
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**  
Hafnargötu 90  
Sími 534 7400

BIÐ MEÐ FRIÐRÁKA UM BRETTINGAR ÁMUNDARENGI OG PRENTVILLUR



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR

Óstöðugleiki í starfi uppeldisstofnana er ópolandi.

## Launin verða að hækka

Erfitt ástand ríkir víða á leikskólum og frístundaheimilum vegna manneklu. Þetta ástand kemur upp á hverju hausti þegar skólafólk hverfur af vinnumarkaði til síns náms. Vandinn er mismikill eftir atvinnuástandinu í þjóðfélaginu. Í ár er hann í meira lagi vegna þess að mikið framboð er af atvinnu.

Skýringin liggur ekki í því að störf með börnum séu óvinsæl. Þessi störf eru hins vegar illa metin til launa og þar af leiðandi ekki eins eftirsóknarverð og þau ættu að vera. Vissulega eru launin ekki það eina sem máli skiptir við starfsval en laun sem eru undir þeim mörkum að fólk geti framfleytt sér með sæmilegri reisu eru engum bjóðandi.

*Ástandið er verst þegar litið er til þeirra stétta sem sinna aðstoðarstörfum á uppeldisstofnunum enda eru launin þar undir vel-sæmismörkum hjá þjóð sem þykist byggja velferðarsamfélag.*

Hjá faglærðum stéttum hefur ástandið heldur skánað á umliðnum árum, kennaraskortur er að minnsta kosti ekki eins áberandi og var um árabil. Hins vegar er hlutfall leikskólakennara á leikskólum langt undir því sem eðlilegt getur talist. Ástandið er verst þegar litið er til þeirra stétta sem sinna aðstoðarstörfum á uppeldisstofnunum enda eru launin þar undir vel-sæmismörkum hjá þjóð sem þykist byggja velferðarsamfélag.

Störf að uppeldi og aðhlyningu hljóta að teljast hornsteinar í þróun velferðarsamfélaga. Það er hluti af sjálfsvirðingu þróaðrar þjóðar að í skólum og uppeldisstofnunum sé stundað faglegt starf af vel menntuðu og metnaðarfullu starfsfólki sem er stolt af starfi sínu og uppsker laun sem hægt er að lifa af með reisu. Störf þessa fólks leggja grunninn að allri framtíð.

Rétt mál og rangt, heilbriggt mál og sýkt, hreint mál og mengað: í mínu ungdæmi voru skýrar línur; íslenskan var göfugt hljóðfæri og einungis þrotlaus lestur á verkum Brands ábóta eða áralöng vist í afdölum hjá þeim körlum og kerlingum sem fyrir sakir náttúruvals höfðu varðveitt íslensku eina og hún var í eðli sínu gat gert mann verðugan þess að taka sér þetta mál í munn nokkurn veginn kinnroðalaust. Þetta var sem sé öld málóttans. Frá því að börnin stigu inn í skólann í fyrsta sinn var þeim innrætt að þau kynnu ekki það tungumál sem þau höfðu numið við móðurkné, og að notkun þeirra á þessu tungumáli væri svo ábótavant að til tafarlausra ráðstafana þyrfti að gripa.

Þeir dagar eru liðnir - liðnir eru tímar umvöndunarmálfræðinnar og upp er runnin öld mannúðarmálfræðinnar, svo gripið sé til orðs sem Megas bjó til í öðru samhengi. Maður sér ekki lengur fyrir sér málfræðinga á hvítum sloppum með samanbitnar varir að reyna að þrifa dönskulettur af villuráfangi einstaklingi eða að lækna hljóðvilltan einstakling heldur eru málfræðingarnir orðnir eins og hverjir aðrir sveppa-

Mikill fjöldi fólks, aðallega kvenna, hefur vissulega gert uppeldis- og umönnunarstörf að ævistarfi og sinnir störfum sínum af kostgæfni. Þess vegna eigum við til dæmis góða skóla. Hins vegar er sá óstöðugleiki sem reglulega kemur upp vegna manneklu óboðlegur börnum okkar og öðrum þeim sem njóta þjónustu uppeldis- og umönnunarstarfsmanna.

Starfsfólk í uppeldis- og umönnunarstörfum er nánast allt í vinnu hjá ríki eða sveitarfélögum. Aldrei hafa skatttekjur verið meiri en nú þegar góðarið hefur skilað sér til stórs hluta landsmanna. Því hlýtur að vera lag að færa laun þessara starfshópa til þess horfs að mannsæmandi teljist, strax í næstu kjarasamningum.



STRÁKARNIR OKKAR

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### EKKI AÐ HÆTTA

„Er ekki á leið út úr pólitík“ er fyrisögnin á viðtali við Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra hér í Fréttablaðinu í gær. Kannski er tímasetning þessara ummæla hrein tilviljun. Nema ráðherrann sjái ástæðu til að ítreka þetta í tengslum við þrálátar umræður um hugsanlegt brotthvarf annars manns úr stjórnárum. Ekki er útilokað að þau mál skýrist á fundi fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík síðdegis í dag.



#### Björn Ingi fram

Slagurinn um forystusætin á framboðslistum flokkanna við næstu borgarstjórnarkosningar er hafinn af fullum þunga. Björn Ingi Hrafnsson

aðstoðarmaður forsætisráðherra mun staðráðinn í því að verða oddviti flokksins. Halldór Ásgrímsson stendur að sjálf-sögðu á bak við sinn mann. En til þess verður Björn Ingi að velja Alfreð Þorsteinssyni úr sessi. Nema Alfreð viki að eigin frumkvæði eins og ýmsir í flokknum telja líklegra.

#### Glaðværð er kostur

Gisli Marteinn Baldursson ætlað að reyna að ná oddvitasæti sjálfstæðismanna af Vilhjálm P. Vilhjálmssyni. Mikið er í húfi því oddviti Sjálfstæðisflokksins er hugsanlega næsti borgarstjóri í Reykjavík. Framboð Gísla Marteins er með velþóknun margra helstu ráðamanna flokksins, þar á meðal Davíðs Oddssonar. Það má Gíslu eiga að hann er glaðvær og alúðlegur, en það eru eiginleikar sem ýmsir

stjórnárum hafa ýmist aldrei tileinkað sér eða glatað á valdastólum. Fátt er hvítleiðara í fari valdsmanna en önunglyndi og yfirlæti.

#### Viðbrögðin verri

Ummæli Sigmundar Sigurgeirssonar svæðisstjóra RÚV á Suðurlandi um Baugsfeða og stjórnendur KB-banka eru honum ekki til álitauka. Verri eru þó viðbrögð yfirmanna hans. Þeir hóta að reka hann úr starfi fyrir þessi orð sem skrifuð voru utan vinnutíma á bloggssíðu á netinu. Í tjáningarfrelsi felst réttur til að segja meiningu sína, jafnvel þótt hún virðist bersýnilega vanhugsuð eða ósmekkleig. Vonandi hafa einhverjir vit fyrir stjórnendum Ríkisútvarpsins áður en þeir misstiga sig í þessu máli.

gm@frettabladid.is

## Spáðu í mér?

Í mínu ungdæmi upp úr miðri síðustu öld var talað um málfar fólks eins og veikindi. Málnotkun fólks - beygingar þess, orðfæri og meðferð á sérhljóðum og lokhljóðum - flokkaðist undir heilbrigðismál; sá einstaklingur var fátækur sem átti kannski bæði við flámæli og linnmæli að stríða og var jafnvel að auki haldinn þágufallssýki - ekkert annað en tafarlaus meðferð gat læknað fólk af slíkum kvillum, gat jafnvel þurft að skera... En fyrst og fremst þurfti að gæta þess að hlífa samborgurum hins helsjúka einstaklings við því að þurfa að heyra hann opinbera raunverulegt ástand sitt; öllum ráðum var beitt til að fá þetta málveika fólk til að tjá sig ekki undir nokkrum kringumstæðum...

Rétt mál og rangt, heilbriggt mál og sýkt, hreint mál og mengað: í mínu ungdæmi voru skýrar línur; íslenskan var göfugt hljóðfæri og einungis þrotlaus lestur á verkum Brands ábóta eða áralöng vist í afdölum hjá þeim körlum og kerlingum sem fyrir sakir náttúruvals höfðu varðveitt íslensku eina og hún var í eðli sínu gat gert mann verðugan þess að taka sér þetta mál í munn nokkurn veginn kinnroðalaust. Þetta var sem sé öld málóttans. Frá því að börnin stigu inn í skólann í fyrsta sinn var þeim innrætt að þau kynnu ekki það tungumál sem þau höfðu numið við móðurkné, og að notkun þeirra á þessu tungumáli væri svo ábótavant að til tafarlausra ráðstafana þyrfti að gripa.

Þeir dagar eru liðnir - liðnir eru tímar umvöndunarmálfræðinnar og upp er runnin öld mannúðarmálfræðinnar, svo gripið sé til orðs sem Megas bjó til í öðru samhengi. Maður sér ekki lengur fyrir sér málfræðinga á hvítum sloppum með samanbitnar varir að reyna að þrifa dönskulettur af villuráfangi einstaklingi eða að lækna hljóðvilltan einstakling heldur eru málfræðingarnir orðnir eins og hverjir aðrir sveppa-

#### Í DAG

DAGLEGT MÁL

#### GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON



*Breytingin er þessi: þegar sögninni „að spá“ fylgir forsetningin „í“ er hún allt í einu farin að taka þágufall með sér í stað þolfalls eins og fyrr.*

fræðingar sem kunna skil á eitruðum sveppum og ofskynjunarsveppum og átsveppum en telja ekki í sínum verkahring að hlutast til um það hvaða sveppir fá að vaxa.

Sjálf sagt er lítil eftirsjá að þeim tímum þegar litið var á það sem ógnun við íslenska tungu þegar almenningur vogaði sér að opna munninn - og umvandanir um málfar hafa í seinni tíð tekið að snúast fremur um óskýra hugsun en misgöfugan uppruna orða. En ég get samt ekki stillt mig um að hreyfa hér undarlegri málbreytingu sem farið hefur sigurför um samfélagið undanfarin misseri. Breytingin er þessi: þegar sögninni „að spá“ fylgir forsetningin „í“ er hún allt í einu farin að taka þágufall með sér í stað þolfalls eins og fyrr. Unnvörpum spáir fólk nú í „einhverju“ í stað þess sem áður var, að það spái í „eitthvað“.

Hvað er hér á seyði? Er þetta þágufalls - uh - hneigð? Ný birtingarmynd á þeirri tilhneigingu þágufallsins að ryðja út þolfallinu? Kannski. En hér er þágufall ekki bara að ryðja út þolfalli heldur ryðst sögnin „að spá“ hér inn á

svið systursagnar sinnar „að pæla“ og virðist jafnvel á góðri leið með að útrýma henni: eða hafið þið, kærur lesendur, nýlega heyrt einhvern tala um að pæla í einhverju? Eins og kunnugt er þá tekur sú sögn einmitt með sér þágufall, enda er þágufallið fall aðgerðanna, virkninnar, hreyfingarinnar en þolfallið er fall kyrrstöðu, óvirknar, dáðleysis, þess sem skoðað er. Það er þetta óvirka horf þolfallsins sem veldur því að fólk á erfitt með að nota það með sögnunum „að vilja“ og „langa“ og hyllist til að nota þar þágufallið sem gefur meira til kynna virkan vilja og löngun.

Báðar gengu þessar gömlu og virðulegu gagnir „að spá og pæla“ í endurnýjun lífdaganna á svipuðum tíma og voru mikið notaðar í unglíngamáli á sjöunda og áttunda áratug 20. aldarinnar. Þær komust þaðan inn í almenna málnotkun og urðu tískuorðfæri við nokkra velþóknun málfræðinga. Einkum þótti nútímanotkun á sögninni „að pæla“ til marks um endurnýjunarmátt íslenskrar tungu. Það er eitthvað mjög þjóðlegt og hrjóstrugt við þessa sögn sem merkir að grafa í gróður-snaudum jarðvegi með sérstökum spaða - páli - við skynjum í sögninni púlið við að hugsa; hér er enginn óberilegur léttleiki, engin auðkeypt víska, heldur kostar sérhver niðurstaða umþenkinganna ómælda fyrirhöfn...

En nú virðist þessi fallega og sérkennilega sögn allt í einu í bráðri útrýmingarhættu og spurning hvort ekki þurfi að setja hana í einhvers konar gjörgæslu...

Ég leyfi mér hér með að gera dálitla uppreisn gegn ríkjandi reiðareksstefnu í málfræðingum og nota hér gamalt form við málfræðingarnar:

Heyrst hefur: ég er að spá í því að fara í fót.

Rétt væri: ég er að spá í það að fara í fót.

Enda pæli ég mikið í fötum.

Menningarnótt í hættu

# Saklaust fórnarlamb drykkjuláta

Á ekki að liða fyrir tunglsýki og fylliri

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 - prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaltahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 - prentmiðlar PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871





Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
REYKJAVÍK 6.01	13.29	20.54
AKUREYRI 5.39	13.13	20.45

## FRÉTTABLAÐIÐ

**Góðan dag!**

Í dag er mánudagurinn 29. ágúst, 241. dagur ársins 2005

### FASTEIGNASÖLUR

101 Reykjavík	10-11
Árborgir	17
Ás	6-7
Borgir	18
Draumahús	25-32
Eignakaup	41
Eignamiðlun Suðurn.	23
Eignastýring	36
Eignaumboðið	17
Fasteign.is	47
Fasteignamarkaðurinn	34
Fasteignamiðlun	12
Fasteignam. Grafarv.	13
Fasteignam. H.fj. 33 & 45	
Fasteignasala G.Ó.	36
Fasteignastofan	42
Hof	16
Hraunhamar	14-15
Húsaland	44
Húseign	22
Höfði	37
ÍAV	39
Klettur	4-5
Lundur	46-47
Lyngvík	21
Neteign	40
Nethús	35
Nýtt	19
Smárinn	8-9
Stoðir	36
X-Hús	43

### SMÁAUGLÝSINGAR

#### Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á VISIR.IS**

visir

# allt - fasteignir

hús a.fl.

**Þakgluggar**  
Þéttingar meðfram gluggum mikilvægar BLS. 2

fasteignir

**Hagatorg**  
Falleg og sérstök hús allan hringinn BLS. 13

ER ÞÍN FASTEIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Húsið er innst í botnlanga. Lóðin er hin snyrtilegasta.

## Glæsileg eign á góðum stað

*Fasteignasalan Hof hefur til sölu sérlega glæsilegt sex herbergja einbýlishús á tveimur hæðum. Húsinu fylgir stór innbyggður bílskúr en alls er eignin rúm 324 fermetrar.*

Þegar komið er inn í íbúðina er gengið inn í rúmgóða fremri forstofu. Þar er náttúrusteinn á gólfi og mikið skáapláss. Tvöföld hurð er úr forstofunni yfir í innri forstofu sem er á palli og þaðan er gengið hálfra hæð niður og hálfra hæð upp. Efri hæðin skiptist í gang eða hol, stóra stofu, borðstofu, eldhús, svefnherbergi og bað. Í stofunni er fallegur arinn og úr borðstofunni er gengið út á góðar suðursvalir. Á hæðinni er stórt svefnherbergi og gott baðherbergi. Út af ganginum er gengið út á hellulagða verönd á þaki bíl-

skúrsins. Góð lofthæð er í húsinu og eru loftklædd með sérsmíðaðri eikarklæðningu. Innréttingar, hurðir og gólf eru einnig úr eik.

Á neðri hæðinni eru þrjú stór svefnherbergi með massífu eikarparketti og sérsmíðuðum fataskápum. Þar er líka flisalagt baðherbergi með baðkari og sturtu. Af ganginum er gengið út á hellulagða verönd og stór geymsla er inni af hólnu. Þaðan er innan-gengt í bílskúrinn, sem er stór og góður.

Húsið, sem er byggt árið 1990, er í góðu ástandi. Frágangur að utan er góður og eru gluggar, útihurðir og þakkantur úr harðviði. Lóðin er snyrtileg og bílplaníð er hellulagt. Húsið er innst í botnlanga og liggur lóðin að óbyggðu landi. Þetta er einstaklega vönduð og glæsileg eign á góðum stað.

Ásett verð er 69 milljónir. ■

## LIGGUR Í LOFTINU í fasteignum

**Skipulag byggðarinnar** á Álftanesi verður kynnt íbúum svæðisins í byrjun september. Opíð hús verður í Haukshúsum 1. september þar sem útfærsla Sigurðar Einarssonar arkitekts á skipulagi miðsvæðisins verður til umræðu og 5. september verður almennur kynningarfundur á aðalskipulaginu haldinn í íþróttamiðstöðinni.



og sex parhúsaloðir (fyrir tólf íbúðir).

**Sala íbúða** gengur vel á Súðavík. Sveitarfélagið hefur þegar selt fjórar félagslegar íbúðir á þessu ári og fólk hefur sýnt áhuga á þeim fjórum sem eftir eru þannig að von er á tilboðum í þær á næstu vikum.

fasteignir@frettabladid.is

Íbúðalán

# 4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is

410 4000 | landsbanki.is



**Landsbankinn**  
Banki allra landsmanna



**Haustblóm**

Nú fer að koma tími á að taka sumarblómin úr pottunum og setja haustblómin í staðinn. Erikur eru vinsælar á þessum árstíma en á hverju ári bætast við nýjar tegundir af plöntum sem hægt er að setja í potta á haustin.




**GLÓFAXI HF.**  
ÁRMÚLA 42 - Sími 553 4236

**BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR**

- Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir



**Varanleg verðlækkun**  
á ýmsum munum, m.a. mánaðarbolllum og mæðra- og jólaplöttum

**AMMA RUTH**

Skipasund 82, 104 Reykjavík - s. 552 6255  
www.ammaruth.is • Opíð virka daga 14-18



**S.Ó. Jarðverk**

**Fagmennska í fyrirrúmi**  
PALLASMÍÐI, HELLULÖGN, TRAKTORSGRAFA, MINI-VÉL OG VÖRUBÍLL MEÐ KRABBA

Sigurður Ólafsson  
S: 822 3650

**GÍTARINN ehf.**

Barðetta 27 • 101 Reykjavík • Sími 552-2125 • gitarinn@gn.com.is • www.gitarinn.is

**MAPEX Trommusett**  
14-hát & crash diskar, stóll, trommukjuðar

Rétur verð: ~~Kr. 79.900~~  
Tilboðsverð: ~~Kr. 59.900~~

Ofurtíðboð: **Kr. 49.900**  
Áðeins í nokkra daga!

**ENCORE Klassiskur Gítar**  
Pólk, Sólflaut, Svengjasett  
**Kr. 10.900**

Opíð: Mán.-Fim., kl.10-18 / Laun. kl. 11-18



**Höggborvél DWT**  
500 W, m/tösku og fylgihlutum  
5245280

**2.495**  
~~3.389~~

**Höggborvél á frábæru verði**



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál

## Leggja áherslu á faglegu hliðina

Á dögunum var opnuð ný og glæsileg hurðadeild í versluninni Parkett og gólf.

Ómar Friðþjófsson, framkvæmdastjóri verslunarinnar Parkett og gólf, hefur selt gólfefni í 20 ár. Fyrirtækið sjálft fagnar einnig 20 ára afmæli um þessar mundir og af því tilefni var mikið um dýrðir síðastliðinn föstudag. Ný hurðadeild var opnuð með pomp og prakt og að auki kom fjöldi erlendra fyrirlesara til að fræða gesti um parkett. Ómar segir að í starfi sínu hafi hann alltaf lagt áherslu á hið faglega og þess vegna hafi verið vel við hæfi að halda upp á afmælið á þessum fræðilegu nótum. „Við fengum hingað sjö fyrirlesara og þetta tókst allt saman mjög vel. Hingað var boðið fjölda fólks allt frá hönnuðum til parkettslípára.“

Á þeim tuttugu árum sem liðin eru frá því Ómar hóf að flytja inn parkett hefur hann komið víða við. „Nokkur verkefni standa uppúr. Lagning parketts á Bessastaði, Listasafn Íslands, Ráðhús Reykjavíkur, Hótel Sögu og nú síðast Alþingishúsið eru þau verkefni sem ég er stoltastur af,“ segir Ómar. Hann segir að fyrirtækið hafi tekið miklum breytingum í gegnum tíðina og úrvalið aukist stöðugt. „Í fyrra opnuðum við deild með veggjaefni og í tengslum við afmælið núna þótti okkur tilhlýðilegt að taka eitt skref til viðbótar og bæta við okkur glæsilegri hurðadeild. Maður hefði svona haldið að allt það besta sem völ er á væri þegar komið á markað hérna en svo fundum við þýskan framleiðanda sem var að byrja útflutning á afar vönduðum hurðum. Vörumerkið er Lebo og úrvalið er gríðarlega mikið,“ segir Ómar og viðurkennir að hann sé afar montinn af nýju deildinni sem er bæði stór og glæsileg.

Verslunin Parkett og gólf er í Ármúla 23.



Ómar hefur unnið með gólfefni í 20 ár. Í gegnum tíðina hefur hann tekið að sér ýmis verkefni, meðal annars gólf in Alþingishúsinu og á Bessastöðum.



Verslunin stækkaði mikið þegar nýja hurðadeildin var stofnuð. Þar eru seldar hágæða hurðir frá þýska framleiðandanum Lebo.

## Þéttingar meðfram þakgluggum

Þegar búð er undir súð eru það þakgluggarnir sem gilda, það er að segja þar sem ekki eru kvistir.

Þakgluggar þurfa endurnýjunar og viðhalds við eins og annað sem úr sér gengur. Mestu skiptir þó að vel sé gengið frá þeim í upphafi. „Reglan er að láta alltaf efri plötu fara yfir neðri plötu svo ekki myndist leki. Það gildir allsstaðar, jafnt kring um þakglugga sem annars staðar,“ segir Grétar Guðmundsson, húsasmiður þegar hann lýsir fráganginum. Hann segir innflutta Velux þakglugga fást í byggingavörverslunum og lýkur á þá lofsorði. „Þeir eru með blikksvuntum sem ganga undir járníð að ofan og svo yfir að neðan og það er ekki erfitt að ganga frá þeim,“ segir hann og bætir við. „Hitt er annað mál að þegar verstu veður koma, rigning og rok eins og gekk yfir síðasta vetur þá leka næstum öll

hús. Vatnið fýkur bara upp þökin og smýgur undir plöturnar. En það er bara tilfallandi.“

Grétar segir ýmis þéttiefni til sem hægt sé að nota meðfram þakgluggum. Nefnir efni eins og Sikaflex-15 LM kitti sem er oft notað við ísetningu, binst bæði við stein og járn og fæst í málningarvörudeildum byggingaverslana. Einnig SikablackSel-1 sem er notað til viðgerða. „Ef um stórar rifu er að ræða er gott að setja grisju yfir hana áður en efninu er sprautað á,“ segir Grétar. Þéttiefnið Fill Coat nefnir hann líka. Það er sett á með pensli og er eins og málning í byrjun en verður gúmmíkennt.

Þeir sem búa við þakglugga þurfa vissulega að muna að skilja þá ekki eftir galopna þegar farið er að heiman því alltaf getur komið skúr og þá rignir inn. Sumir gluggar eru með góðan loftræstibúnað og á þeim er hægt að hafa rifu án þess að eiga á hættu að fá yfir sig dembu.



Velux þakgluggar eru með loftræstibúnaði. Efni sem hægt er að nota til þéttingar ef leka verður vart. Þau fundum við í Bykö.





Margir möguleikar eru í boði í útilýsingum.

## Notaleg dauf útiljós

ÝMSAR LEIÐIR TIL AÐ LÝSA UPP SKAMMDEGIÐ.

„Þegar fólk vill lýsa upp sér- eignir þá verður það að átta sig á hvernig stemmingu það vill skapa. Fólk sækist yfirleitt eftir því að hafa fleiri en daufari ljós heldur en að vera með fá öflug.“ segir Ólafur Lúðvíksson, framkvæmdastjóri raftækjaverslunarinnar Ljós og Orka í Skeifunni 19.

„Ýmsir möguleikar eru í innfelldum lýsingum, ljós í þakskegg og vegg eða í stéttir. Mestu nýjungarnar í innbyggðu ljósunum eru að við bjóðum vatnsheld ljós sem henta vel í tjarnir, en þeim fer fjölgandi í einkagörðum. Í fjölbýlishúsum er gott að hafa staura og innfellda lýsingu í gangstígu og bílaplönunum. Það þarf líka að gera öðruvísi kröfur til útilýsingar í fjöleignahúsum því hún þarf að standast meira álag.“

Útilýsing er mikið öryggisatriði. „Það er öryggisatriði að vera með vel upplýsta heimreið því þá er minni slyshætta. Ef fólk vill bægja frá óboðnum gestum þá er best að fá sér öflugasta kastara sem tengdir eru við hreyfiskynjara.“ segir Ólafur.



Margir möguleikar eru í innfelldri lýsingu.



Ljósstaurar eru upplagðir til að skapa huggulega stemmingu í gördum.

## Niður með veggfóðrið!

Sá tími getur komið að við viljum losna við veggfóðrið.

Veggfóður geta verið falleg en ef munsturvalið var villt getur líftíminn verið stuttur. Þá verður að ná veggfóðrinu af. Það er þó hægara sagt en gert og ýmsu þarf að huga að svo verkið gangi vel.

Fyrsta þarf að rífa eins mikið veggfóður af veggjunum og mögulegt er. Síðan er gott að fá lánað eða leigt tæki sem rífur veggfóðrið af veggjunum. Þegar tækinu er beitt þarf að passa að þrýsta því ekki of mikið inn í vegginn því þá er mögulegt að skemma hann. Svo er að plokka og reyna að ná sem mestu af áður en allt verður of klístrað.

Því næst má koma með kemískan veggfóðuruppleysi. Hann er



Ýmsum kústum þarf að beita til að ná veggfóðrinu af.

settur í volgt vatn og lykilatriði að það haldist volgt, því um leið og það kólnar of mikið leysir það ekki jafn vel. Einnig er gott ráð að setja uppleysinn í spreibrúsa til að koma í veg fyrir alvarlegan bakverk. Gangi ykkur vel!

# birta

- \* Móðuhreinsun
  - \* Gler og gluggaskipti
  - \* Gluggaviðgerðir
- Magnús Már s 899-4665**

Móðuhreinsun  
Magnúsar

# NÚ er rétti tíminn fyrir TEMPUR

## Betra BAK



TEMPUR-PEDIC  
Heilsunnar vegna

## Ágústtilboð á Tempur heilsudýnum og stillanlegum rúmum



www.design.is @ 2005

Að sofa er eitt, að hvílast er annað.

Í ágúst bjóðum við Tempur heilsudýnur, stillanleg rúm og kotta á frábæru tilboði.

Yfir 30 þúsund lækna, sjúkrapjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur. Með Tempur heilsudýnunni nærðu hámarksslökun, hvíld og svefni sem er lykillinn að góðri andlegri og líkamlegri heilsu.



EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG SKJALFEST AF GEIMFERÐASTOFNUN BANDARÍKJANNA



# VELFAC

Gluggar  
10 ára ábyrgð

# formaco

Fossaleyni 8 • 112 Reykjavík  
Sími 577 2050 • www.formaco.is

Betra BAK

Faxafeni 5 • Reykjavík • Sími 588 8477  
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is  
Opið virka daga frá kl. 10-18  
Opið á laugardögum frá og með 13. ágúst, frá 11-16



# KLETTUR

## FASTEIGNASALA

### SKEIFAN 11 REYKJAVÍK

SÍMI 534 5400 FAX 534 5409

Sigurður Hjaltsted  
Sölustjóri

Kristján Ólafsson  
Lögg. fasteignasali

Svavar G Svavarsson  
Sölumaður

Valþór Ólason  
Sölumaður

Þorbjörg D. Árnadóttir  
Ritari



## GALTALIND - FRÁBÆR STAÐSETNING

Vorum að fá í einkasölu, glæsilega og einstaklega vel staðsetta eign í Lindahverfinu í Kópavogi. Íbúðin er 95 fm á fyrstu hæð. Gólfefni á íbúðinni eru Merbau-parket, flísar og dúkur. Suður svalir, rólegt hverfi, stutt í alla þjónustu, skóli og leikskóli í göngufæri. Þetta er sannarlega góð eign. **Ásett verð: 23,9**



### 3JA HERB.



**STRANDASEL - SELJAHVERFI - SERVERÖND OG LÖÐ.** Mjög falleg 80 fm. íbúð á jarðhæð með sér steyptri suður verönd og sér afgirtum suðurgarði með hlöðnu kolagrilli. Parket er á allri íbúðinni nema á baðherbergi þar eru nýlegar falllegar flísar í hólf og gólf, baðkar með ömmusturtu, skápum, tengt fyrir þvottavél á baði. Stór leikvöllur og sparkvöllur í nágrenninu. Sjá einnig í þættinum Þak yfir höfuðið á Mbl.is **Ásett verð 17,3 m.** Ath lækkað verð.



**NÖKKVAVOGUR - REYKJAVÍK.** Mjög rúmgóð og björt 64 fm. íbúð á fyrstu hæð (ekki kjallari). Gólfefni eru parket á öllum gólfum nema á baðherberginu þar er dúkur á gólf og flísar á veggjum við sturtu. Nýlegur fataskapur á gangi. Fallegur sameiginlegur garður með háum trjám. **Ásett verð 16,3 m.**



**VESTURGATA - 101 REYKJAVÍK**  
Um er að ræða þriggja herbergja risibúð. Íbúðin er á fjórðu hæð, efstu, í steinhúsi. Íbúðin er skráð 83 fm en grunnflötur hennar er c.a. 95 fm, íbúðin skiptist í hol/alrými, stofu, tvö herbergi, allt með parketi, baðherbergið er með fallegum granitflisum og nýjum antik blöndunartækjum og eldhúsið er með bæsuðu flotsteypugólf. Gott geymslurými er á hæðinni. **Ásett verð: 18,2**



**HRAUNBÆR - ÁRBÆ** Mjög snyrtileg og góð 99,8 fm íbúð á fyrstu hæð/annarri frá götu á góðum stað í árbænum. Íbúðin skiptist í 2 svefnherbergi, stofu, eldhús og bað, ásamt aukaherbergi í kjallara og geymslu. Parket og flísar á gólfum. **Ásett verð: 17,9 millj.**



**TORFUFELL - BREIÐHOLT.** Fin 3ja herbergja 78 fm. íbúð á 4. hæð með suðursvölum. Gólfefni eru dúkur og parket. Tvö svefnherbergi annað með skáp. Baðherbergi með baðkari. Borðkrókur í eldhúsi. Merkt stæði á bílaplani. Sérgeymsla í sameign og sameiginlegt þvotta og þurrkerbergi. Mjög snyrtileg sameign. **Ásett verð 13,2 m.**



**VEGGHAMRAR - GRAFARVOGI - JARÐHÆÐ SERGARÐUR OG SÖLSTOFA.** Mjög rúmgóð 92 fm. 4ra herbergja íbúð á jarðhæð í litlu fjölbýli með sérinnngangi og sér verönd. Forstof með flisum. Linolineum dúkur á gólfum á holi, eldhúsi, gangi og hjónaherbergi. Parket á stofu og einu herbergi. Sólskáli með flisum á gólf. Utgengt á hellulagða sér verönd og löð. **Ásett verð. 17,9 m.**



**UNUFELL - BREIÐHOLT - FALLEG NY SUÐUR VERÖND OG SÖLSTOFA.** Mjög rúmgóð og fin 3ja til 4ra herbergja 116 fm. íbúð á jarðhæð með nýrri afgirtri hellulagðri suðurverönd og nýjum sólskála út frá stofu. Gólfefni á íbúð er parket og flísar. Fjölbýlið er nýlega álklaust að utan og sameign hefur verið tekin í gegn. **Ásett verð: 19,9 m.**



**ESKIHLLIÐ - 105 REYKJAVÍK - SERHÆÐ ÁSAMT BILSKÚR.** Falleg sérhæð eignin er samtals 132 fm. þar af er bílskúr 32 fm. Gólfefni á íbúð er flísar, dúkur og parket. Nýleg innrétting í eldhúsi sem og tæki. sameiginlegt þvottahús í kjallara, einnig tvær geymslur (ekki í fm fjölda íbúðar), vatn, hiti og rafmagn í bílskúr. **Ásett verð: 32 millj.**



**ENGJASEL - LAUS VIÐ KAUPSAMNING** Mjög góð og opin eign á efstu hæð, íbúðin er laus við kaupsamning. Um er að ræða 115,2 fm. íbúð + 36,6 fm. stæði í lokaðri bílageymslu. samtals um 152 fm. Þrjú svefnherbergi, stór stofa/borðstofa, rúmgott hol, baðherbergi og eldhús með nýrri innréttingu. Gólfefni parket, flísar og korkur. **Ásett verð: 21,4 millj.**

### 5 HERB.



**JÖRFABAKKI - NEÐRA BREIÐHOLT.** Mjög snyrtileg og vel með farin 5 herb. 115 fm. íbúð á annari hæð í snyrtilegu fjölbýli. Nýlegt parket á gólfum og flísar á baðherbergi. Íbúðinni fylgir rúmgott 11,9 fm. sérherbergi með parketi í sameign sem er tilvalið til útlegu og gæti leiga af því greitt af 4-6 millj. kr. láni. Þvottaherbergi og búr innaf eldhúsi. Suðursvalir. Leikvöllur með ýmsum tækjum og körfuboltaavelli á löðinni. Seljendur eru aðrir eigendur af þessari íbúð síðan húsið var byggt. Eign sem vert er að skoða og stoppar stutt við. **Ásett verð 19,9 m.**



**FELLAHVARF - VATNSENDI** STÓR-GLÆSILEG OG VÖNDUÐ ÚTSÝNISÍBÚÐ Á FRÁBÆRUM STAÐ VIÐ ELLIÐAVATN. Um er að ræða þrjú svefnherbergi, sjónvarps-hol, falllegt eldhús, rúmgóða stofu, glæsilegt baðherbergi og þvottahús. Mikil hef-ur verið lagt í innréttingar og tæki. Sannarlega glæsileg eign á frábærum stað Stórar og rúmgóðar svalir. **Íbúðin er 130 fm og ásett verð er 32,2 millj.**

### 6 HERB.



**BARMAHLIÐ - 105 - SÉRHÆÐ.** Vorum að fá í einkasölu mjög góða 123 fm. íbúð á 2. hæð með sérinnngangi, suðursvölum og suðurgarði. Gólfefni í íbúðinni eru Parket, mósaikflísar, flísar og Linolinum dúkur. Nýleg eldhúsinrétting og tæki í eldhúsi. Nýlegir gluggar og gler í allri íbúðinni. Að sögn eiganda er hægt að sækja um byggingu bílskúrs á löðinni við bíla-stæði. Eign sem vert er að skoða sem fyrst. **Ásett verð 30,9 m.**



## SUÐURMÝRI - SELTJARNARNESI

Mjög falleg 177 fm. efri sérhæð á baklóð við Suðurmýri á Seltjarnarnesi þar af innbyggður bílskúr 29,4 fm. Gólfefni parket, flísar og dúkur. Hvíttaður panill í lofti, stórar suðursvalir. Eignin skiptist í tvær forstofur, stofu, borðstofu, eldhús, þvottaherbergi, þrjú svefnherbergi, fataherbergi, baðherbergi og rúmgóðann bílskúr. Mjög snyrtileg eign sem stoppar stutt við. **Ásett verð 49,5 m.**



### NÝBYGGINGAR




**NÝTT Í SÖLU - RAÐHÚS VIÐ TRÖLLATEIG 10-16 MOSFELLSBÆ.** Vorum að fá í einkasölu 4 raðhús á tveimur hæðum við Tröllateig 10-16 í Mosfellsbæ. Um er að ræða raðhús á góðum stað í vinsælu og gróðursælu hverfi við Tröllateig í Mosfellsbæ. Húsin afhendast fullbúin að utan með grófjafnaðri löð og fohkelt að innan þó verður þak einangrað og gólf flötud. Glæsileg hús á rólegum stað í Mosfellsbæ. **Afhendingartími er sept/okt 2005. Endaraðhús 25,9 milljónir. Miðjuraðhús 24,9 milljónir.**



**TRÖLLATEIGUR - MOSFELLSBÆ.** Erum með í sölu fjórar 115 fm. 4ra herbergja sérhæðir í fallegu tveggja hæða húsi. Íbúðunum verður skilað fullbúnum án gólfefna. Baðherbergi verður flíslagt á gólf og veggjum og þvottaherbergi á gólf. Íbúðirnar verða tilbúnar til afhendingar í des 2005/jan 2006. **Verð á : 24,8 millj.**

### SUMARBÚSTAÐIR



**LÚXUS 85 FM. SUMARHÚS VIÐ ÚTHLIÐ. VORUM AÐ FÁ Í SÖLU TVO LÚXUS 85 FM. SUMARBÚSTAÐI Á EINI HÆÐ HÚSIN ERU Á STEYPTUM SÖKKLI MEÐ HITALÖGN Í GÓLFUM HÚSIN ERU STAÐSETT VIÐ DJAKNAVEG 11 OG MOSAVEG 9 Í ÚTHLIÐ BLÁSKÓGARBYGGÐ UM ER AÐ RÆÐA 4RA HERBERGJA HEILSÁRSHÚS SEM STANDA Á TÆPUM HÁLFUM HEKTARA.** Löðirnar eru báðar kjarri vaxnar á nýskipulögðu svæði með frábæru útsýni yfir Heklu og suðurlandið eins langt og augað eygir. Úthlíð býður upp á allt það sem heilsársjúksabyggð þarf að bjóða upp á s.s. veitingastað, verslun með matvöru og aðrar nauðsynja, sundlaug, 9 holu golfvöll og frábærar gönguleiðir hvort sem um er að ræða á fjölli eða í fallegu umhverfi á lág- lendinu. **Ásett verð 12,7 millj.**

**SÍMI**  
**534 5400**

Við metum eign þína mikils

Vantar allar eignir á skrá





## GLÆSILEGAR FULLBÚNAR ÍBÚÐIR

# í Álfkonuhvarfi 33-37 við Elliðavatn Kópavogi

**FASTEIGNASALN KLETTUR KYNNIR Álfkonuhvarf er 29 íbúða þriggja til fjögurra hæða steinsteypt fjölbýlishús með lyftu stígaðasi, auk kjallara og bílageymslu með 29 bílastæðum.**

Um er að ræða 12 3ja herbergja íbúðir á 1,2, og 3 . hæð. Íbúðirnar eru 94-100 fm með sérgeymslu á jarðhæð ásamt stæði í bílageymslu. FULLBÚNAR ÍBÚÐIR MEÐ ÖLLU.

Íbúðin skilast fullbúin með eikarparketi frá Harðviðarvali af gerðinni Eik Akzent eða sambærilegt, lýsing verður í loftum frá Lumex, Screen gluggatjöld verða í íbúðinni frá Nútíma, innréttingar eru frá JKE-DESIGN, tæki á baði verða frá Baðstofunni og tækjum í eldhúsi frá Heimilistækjum. Íbúðin skilast með öllum tækjum m.a. ísskápur, uppþvottavél, þvottavél og þurrkari.

Íbúðr afhendast nóv05/des05/jan06

Nánari skilalýsingu er hægt að nálgast hjá sölumönnum Kletts.



Við metum eign þína mikils

Vantar allar eignir á skrá





Hafnarfirði  
Fjarðargata 17  
Sími 520 2600  
Fax 520 2601  
Netfang as@as.is  
Heimasíða  
www.as.is



Opið virka daga kl. 9-18

Sjá einnig myndir í gluggum á Fjarðargötu

### Eigendur fasteigna athugið: Lifleg sala - skoðum og verðmetum samdægurs

#### EINBÝLI



**NORÐURVANGUR - STÓRT EINBÝLI - GÓÐ STABSETNING** 345 fm einbýlishús á tveim hæð (4 pallar) á góðum stað við Norðvang, hús nýlega tekið í gegn að utan og nýleg gólfefni. Sex stór herbergi, útsýni, sjón er sögu ríkari. Verð 55 millj. 2680



**TJARNARBRAUT - FRÁBÆR STABSETNING** Virðulegt 203,9 fm EINBÝLI á þremur hæðum á frábærum stað við LÆKINN í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR. Búið er að endurnýja eldhús og aðl. baðherbergi. 4 svefnherbergi, möguleg fleiri. Húsið býður upp á mikla möguleika, en þarfnast aðhlynn- ingar að hluta. Verð 34,0 millj 3665



**FÁLKAHRAUN - FRÁBÆR STABSETNING Í HRAUNINU** "LAUST FLJÓTLEGA" NÝLEGT OG FALLEGT 142,1 fm EINBÝLI, hæð og ris ásamt 32,9 fm BÍLSKÚR, samtals 175,0 fm frábærum stað í HRAUNINU á EINARSREIT. 4 svefnherbergi. Bilskúrin er innréttaður sem STÚDÍÓ í dag en lítið mál er að breyta í STÚDÍÓIBÚÐ eða BÍLSKÚR aftur. Verð 37,9 millj. 1572



**SELVOGSGATA - FALLEGT EINBÝLISHÚS MED BÍLSKÚR** Fallegt hús í miðbæ Hafnarfjarðar, húsið er alls 158 fm, þar af er 25 fm bilskúr. Laust við kaupsaming. Búið að klæða húsið að utan því lítið viðhald að utan. Gott hús sem hægt er að mæla með. Verð 28,5 millj. 3521



**ÞÚFUBARD - GOTT EINBÝLISHÚS** Fallegt 191 fm einbýlishús á tveimur hæðum þar af er 25 fm bilskúr. Húsið er góðu ástandi bæði að utan og inn. Sex herbergi. Falleg stofa og eldhús. Eign sem hægt er að mæla með. Tilboð óskast. 2878



**VESTURVANGUR - GLÆSILEGT TVÆR ÍBÚÐIR** Fallegt MIKIB ENDURNÝJAD 241 fm EINBÝLI á tveimur hæðum, með aukabúð á neðri hæð, ásamt 49 fm BÍLSKÚR, samtals 290 fm. á mjög góðum stað í HRAUNINU í NORÐURBÆNUM. Verð 49,5 millj. 3610

#### RAÐ- OG PARHÚS



**BLIKAÁS - SÉRLEGA FALLEGT** Um er að ræða NÝLEGT 129,9 fm. PARHÚS á tveimur hæðum, ásamt 35,2 fm. BÍLSKÚR, samtals 165 fm á góðum stað í Áslandi. Vandaðar víðar innréttingar og tæki. Steinflisar og parket. Stórar svalir ofan á bilskúr. Verð 36,9 millj. 4362



**FLEJAKÓR - KÓPAVOGUR - NÝBYGGING - PARHÚS - KÓRAHVERFIÐ** Flott parhús sem nýttist mjög vel, fimm svefnherbergi, gott skipulag eignar, flott staðsetning, afhent við kaupsaming, fullbúið að utan en fókheld á innan, jeppabilskúr sem er 39 fm með 3.3 m lofthæð, vandaðir verkta- ar. Uppl. hjá AS fasteignasölu og sjá myndir á netinu. 4024



**MIÐVANGUR - FALLEGT ENDARADHÚS** Fallegt 200 fm ENDARADHÚS, ásamt 25 fm bilskúr, samtals 225 fm. Húsið er tveimur hæðum, sex herbergi, tvö sjónvarpshol, góð vernd, rúmlegt eldhús, stór stofa, fin gólfefni. Gott hús á góðum og rólegum stað í hjarta norðurbæjar í Hafnarfirði. Verð 37,5 millj. 3978



**STEKKJARHAMMUR - GÓÐ EIGN** Fallegt raðhús á tveimur hæðum, 183 fm og bilskúr 24 fm, samtals 207 fm. Fjögur svefnherbergi. Rólegt hverfi. Þetta rúmgóð íbúð, öll rými eru stór. Góð eign. Verð 35,5 millj. 3699

#### HÆÐIR



**HVERFISGATA - SÉRHÆÐ M. BÍLSKÚR** MJÖG GÓÐ OG MIKIB ENDURNÝJUD 181 fm EFFI SÉRHÆÐ OG RIS í TVÍBÝLI, ÁSAMT 31 FM BÍLSKÚR, MIÐSVÆÐIS í HAFNARFIRÐI. HÚSIÐ ER KLÆTT AÐ UTAN MED STENI. 4 SVEFNHERBERGI. Verð 29,7 millj. 4553



Póra Sigurðardóttir er fljót að svara þegar hún er spurð út í draumhúsið sitt. „Það er lítið raðhús á þremur hæðum og með garði. Ég var einmitt að kaupa svona hús þannig að ég er eiginlega komin í draumhúsið núna eftir að hafa látið mig dreyma heillengi,“ segir hún og bætir því við að hún vilji búa í raðhúsi því það sé frábært að geta verið í sérbýli með öllum þeim kostum sem því fylgja án þess þó að þurfa að kaupa sér rísa stórt einbýlishús og steypa sér í skuldir. „Ég er ofboðslega hrifin af þessu húsi. Það minnir mig á bresku raðhúsin og ég er í svona hálfgerðum útlandafling hérna. Líður hálfpartinn eins og ég búi í London. Íbúðin er mjó og á þremur pínulitlum hæðum. Það er fint að hafa alla þessa stiga því þá þarf ég ekki að mæta í ræktina,“ segir hún hlæjandi og kveðst vera farin að taka tvær tröppur í hverju skrefi til að komast hraðar yfir. „Svo er náttúrulega garður við húsið sem er frábært. Mér finnst skipta öllu máli að hafa góðan garð því það er svo gott að vera úti og grilla og dunda sér.“ Ef Póra væri ekki nýbúin að eignast þetta fallega hús gæti hún vel hugsað sér að eiga stórt og opið hús sem þrifi sig sjálf. „Ég er hrifin af stílhreinum húsum í funksstil og vil hafa stóra og opna glugga. Annars skiptir útlitið ekki öllu. Svo lengi sem það er ekki hannað af Kjartani Sveinssyni þá gengur allt. Þetta er ekkert persónulegt sko. Ég ólst bara upp í Grafarvoginum og er með ofnæmi fyrir svoleiðis húsum.“



### SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU\*



\*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkissins.



### Eignir hafa aukist að raunvirði

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað um 20,6% á síðustu sex mánuðum og tæp 40% frá sama tíma í fyrra. Hún stendur nú í 282,4 stigum að því er fram kemur í Vegvísi Landsbankans. Þar er því spáð að aukid líf færast í fasteignamarkaðinn þegar sumarleyfi verði afstaðin.

Eignaverðsvísitala KB banka sem vegur saman fasteigna-, hlutabréfa- og skuldabréfaverð hækkaði um 1,5% að raunvirði í júlí síðastliðnum en um 25% á síðastliðnum 12 mánuðum. Greiningardeild bankans telur eignir landsmanna hafa aukist um 700 milljarða að raunvirði á einu ári, eða frá því bankarnir komu inn á fasteignamarkaðinn í fyrra.

### ? SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Vísis

Kemur þér vel saman við nágranna þína?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU: Ertu að biða eftir að fasteignaverð lækki?	
Já	69%
Nei	31%



**3.990 5ltr.**  
~~5.490~~

**nýtt**

Þú kaupir 4 5 ltr. dósir af Gori úðaviðarvörn og dælan fylgir frítt með!



Fánlegt í mörgum litum

**Gori**

Úðaviðarvörn, 5 ltr  
7042335-39

### Nýjung á markaðnum!

## Viðarvörn til að úða á tréveggi og skjólgirðingar

Með Gori - sprautkerfinu er hægt að úða Gori viðarvörn á lóðrétta tréveggi og skjólgirðingar.

- Gerið yfirborðið tilbúið og gætið þess að þekja það sem ekki á að úða.
- Fyllið Gori úðaviðarvörn á dæluna og úðið yfir
- Hreinsið dæluna eftir notkun með vatni.

Einfaldara getur þetta ekki verið!

Þú kaupir 4 stk. 5 ltr. dósir af Gori úðaviðarvörn og dælan fylgir frítt með!



**HÚSASMÍÐJAN**

...ekkert mál



# Samfylkingin á leikinn í næstu kosningum

## UMRÆÐAN

KOMANDI  
KOSNINGAR



STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON  
STJÓRN MÁLAFRÆÐINGUR

Nú er ljóst að Reykjavíkurlistinn býður ekki fram með sama hætti og gert hefur verið í þrennum undangengnum kosningum. Listinn hefur staðið fyrir stórstígum framförum, en nú vilja ýmsir fara aðrar leiðir í pólitísku starfi. Það ber þó að undirstrika að R-listinn hefur lyft Grettistaki í leikskóla-

málum, komið á einsetningu skóla, bætt félagsþjónustu fyrir alla aldurshópa, umhverfi og aðstöðu fyrir tómstundastarf. Reykviskar fjölskyldur hafa á síðasta áratug fundið fyrir stórbreytingu til batnaðar. Það er hins vegar ekki pólitísk samstaða um að bjóða fram sameiginlega á svipuðum nótum og áður. Ný staða krefst nýrra leiða.

Samfylkingin hefur verið trú stefnu sinni, nafni og uppruna, en stjórn málin þurfa að þróast áfram og taka mið af breyttum aðstæðum. Við viljum samfylkja áfram öllu félagslega sinnuðu fólki í baráttunni fyrir betra samfélagi. Nú ætlum við í Samfylkingunni að einhenda okkur í að fara ítarlega yfir borgarmálin

fyrir komandi kosningar og við hvetjum flokksmenn sem og aðra sem vilja fylkja liði með okkur til að taka þátt í mótun stefnu fyrir framtíð borgarbúa. Á grundvelli þeirrar stefnu munum við bjóða fram sigurstranglegan lista í kosningunum að vori.

Af þeim stefnumiðum sem koma munu til sérstakrar skoðunar eru skipulags- og samgöngumál, efling skóla- og menntastarfs á öllum stigum, þróun velferðarþjónustu og íþrótt- og tómastundastarfs og efling umhverfisvaktar. Endurmenntun og endurhæfing mun verða fyrirferðarmeiri á næstu áratugum og málefni aldara krefjast nýrra og bættra úrræða. Við viljum lýðræðislegt samfélag, þar sem allir eiga

möguleika á þátttöku í samfélagsþróuninni.

Flugvallarsvæði og innanlandsflug hafa verið til umræðu þessa dagana. Borgin þarf núverandi flugvallarland undir íbúabyggð og þróun háskólasvæðis. Niðurstaða kosninga meðal borgarbúa var sú að flugvöllurinn skyldi fara að ákveðnum tíma liðnum. Það þarf bara að finna þann kost sem hagkvæmastur er og sem best sátt getur skapast um. Þar eru nokkrir staðir nefndir og þá þarf að skoða fordómalaust. Hér er um stórt mál að ræða sem krefst vandlegar yfirlegu, en hafa ber í huga að þótt enn sé nokkur tími til stefnu áður en endanlega ákvörðun um staðsetningu verður að taka verður að undirbúa ákvörðun

un í tíma. Því er mikilvægt að framfærðarhorfur og þróun séu metnar af sem mestri kunnáttu.

Um þessi mál og fleiri verður fjallað í málefnaþarfi Samfylkingarinnar næstu vikurnar. Þau verða síðan borin fram af fulltrúum okkar í komandi kosningum sem valdir verða á lýðræðislegan og opinn hátt. Þar eigum við öfluga fulltrúa og sjálfsgætt munu fleiri borgarbúar óska eftir því að koma til liðs við okkur. Samfylkingin á samleið með borgarbúum. Það mun verða öflug og lýðræðisleg hreyfing okkar sem býður fram til borgarstjórnarkosninga í vor. Þá mun nýr kafli hefjast í pólitískri sögu borgarinnar.

Höfundur er formaður Hverfjafélags Samfylkingar í Breiðholti.



AF NETINU

## Algjör misskilningur

Daglega vekja fréttir eða fréttaskýringar í fjölmiðlum hugleiðingar um eitthvað, sem kannski væri tilefni til að ræða í dagbókinni. Í dag, laugardaginn 27. ágúst, sé ég til dæmis, að Guðmundur Magnússon leitast við að gera mér upp þá skoðun í Fréttablaðinu, að mér finnst eitthvað óeðlilegt við, að eigendur fjölmiðla hafi skoðanir á efni þeirra og láti þá skoðun í ljós við þá, sem annast ritstjórn miðlanna. Þetta er algjör misskilningur hjá Guðmundi. Mér finnst ekkert óeðlilegt við þetta. Hitt er síðan annað mál, hvort ritstjórar og blaðamenn fara eftir slíkum ábendingum og hvað gerist, ef það er ekki gert.

Björn Bjarnason á bjorn.is

## Ungir kjósendur

Framboð Gísla Marteins ber ekki síst að meta í því ljósi að mjög stór hópur kjósenda er undir 35 ára aldri og væntir þess að eiga öfluga fulltrúa á þingi og í bæjarstjórnunum sveitarfélaga. Þessa fulltrúa hefur vantað hin síðari ár í öllum flokkum og því gæti skapast mikil stemmning fyrir framboði Gísla innan Sjálfstæðisflokksins um leið og andstæðingar hans munu að öllum líkindum taka höndum saman og fylkja sér um framboð Vilhjálms og mun hann eflaust leita eftir bandalögum við ýmsa í því sambandi. Það gæti þýtt hreinar átakalínur hjá sjálfstæðismönnum næstu tvo mánuðina og verður spennandi að fylgjast með.

Björn Ingi Hrafnsson á bjorningi.is

## Ekki lúta að smáu

Flokkssystir mín Steinunn Valdís sagði í RÚV að framboð Stefáns Jóns Hafstein í fyrsta sæti á borgarstjórnarlista Samfylkingarinnar kæmi sér ekki á óvart því hann væri búinn að ganga lengi með borgarstjórnann í maganum. Mér fundust þetta heldur óviðkunnað ummæli hjá borgarstjórnunum. Í stjórn máli er það yfirleitt óskrifuð regla að menn fá að vera í friði þegar þeir tilkynna framboð í embætti alveg einsog stjórn málaforingjar láta aðra flokka í friði með stórfundi einsog landsþing. Foringjar eiga ekki að lúta að smáu. Össur Skarphéðinsson á ossur.hexia.net

## Færi létt með það

Það verður einnig hart barist í Samfylkingunni. Steinunn Valdís er sitjandi borgarstjóri og getur því ekki annað en boðið sig fram í fyrsta sætið. Stefán Jón er núverandi oddviti listans og ætlar að bjóða sig fram í það sæti áfram. En áætlanir þeirra beggja gætu runnið út í sandinn ef Össur lætur slag standa og gefur kost á sér sem borgarstjóraefni. Össur hefur staðið sig feikilega vel eftir að hann tapaði formannslagnum fyrir svilkonu sinni. Flokksmenn eru honum þakklátir fyrir það og velviljaðir. Er viss um að hann færi létt með að ryðja þeim báðum úr vegi.

Eiríkur Bergmann Einarsson á eirikurbergmann.hexia.net

## SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# RATAÐU Á RÉTTA TÆKIÐ



Garmin  
StreetPilot c320  
leiðsögutæki  
fyrir bifreiðar

## Nýtt GPS kort fyrir Garmin-tæki með götum og heimilisföngum

GPS kort er vektor-kort af Íslandi fyrir Garmin GPS-tæki með leiðsöguhæfum vegagögnum um allt land, ásamt götukorti af höfuðborgarsvæðinu með heimilisföngum, 40.000 örnefnum og áhugaverðum stöðum, vatnafari, þjóðvegum, fjallaslóðum og skálaskrá. Í fyrsta sinn á Íslandi er saman komið vegakort með leiðsöguhæfum gögnum fyrir PC-tölvur, Windows Mobile handtölvur og Garmin GPS-tæki. Láttu ekki afvegaleiða þig – veldu Garmin.



### Garmin Quest

Einfalt og handhægt leiðsögutæki í bílinn eða mótörhjól. Fer líka vel í vasa þegar tveir jafnfljótir fara af stað.



### Garmin GPSmap 60C

Níðsterkt tæki í alla útivist. Eitt með öllu!



### Garmin iQue M5

Öflug vasatölva með GPS korti – og fundurinn byrjar á réttum tíma.

[www.garmin.is](http://www.garmin.is)

GARMIN

Komdu í glæsilega verslun okkar við Fiskislóð 16 úti á Granda og kynntu þér gott úrval GPS-staðsetningartækja frá Garmin. Við eigum tæki sem henta fyrir bátinn, bílinn, flugið, útivistina og jafnvel skokkið, innanbæjar sem utan.



R. SIGMUNDSSON



INGRID BERGMAN (1915-1982)  
lést þannan dag.



„Koss er yndisleg leið náttúrunnar til þess að stöðva tal þegar orð verða óþörf.“

Ingrid Bergman var sænsk leikkona sem hlaut heimsfrægð fyrir leik sinn í myndinni Casablanca þar sem hún lék á móti Humphrey Bogart.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST > 29. ÁGÚST 1533

### Síðasti keisari Inka tekinn af lífi

Atahualpa, síðasti frjálsi konungur Inka í Perú, var þennan dag árið 1533 tekinn af lífi að skipun spænska landvinningsmannsins Francisco Pizarro. Þjóðsögur Inka ná aftur til ársins 1200 þegar fyrsti konungurinn komst til valda. Þegar Spánverjinn Francisco Pizarro kom til sögunnar árið 1532 náði ríki Inka frá Kólumbíu og Ekvador til Chile, Bólívíu og Argentínu. Pizarro kom að Inkaþorpinu Cajamarca árið 1532 og fann þar fyrir Atahualpa konung sem nýlega hafði hrakið bróður sinn frá völdum. Pizarro bauð Atahualpa í veislu til

heiðurs honum. Atahualpa hafði sér til halds og trausts 30 þúsund manna herlið. Hann taldi því ólíklegt að hann þyrfti að óttast þennan hvítskeggjaða mann og hans 180 menn. Þegar Atahualpa mætti til veislunnar sendi Pizarro prest á móti honum til að fá hann til að lúta stjórn kristinnar kirkju og Spánar-konungs. Atahualpa neitaði og Pizarro fyrirskipaði um leið árás. Konungurinn var handsamaður enda höfðu menn hans ekk-

ert að segja gegn vopnabúnaði Spánverja. Atahualpa bauð Pizarro gríðarlegt lausnargjald. Pizarro tók boðinu og um 24 tonn af gulli og silfri voru borin til Spánverja. Pizarro gekk hins vegar á bak orða sinna og lét dæma Atahualpa til dauða fyrir bróðurmorð. Hann fékk að velja milli þess að verða brenndur á báli eða kyrktur. Atahualpa kaus síðari kostinn í þeirri von að varðveita líkama sinn fyrir smurningu.



PIZARRO HITTIR ATAHUALPA INKA-KONUNG

## MERKISATBURÐIR

- 1862 Akureyri fær kaupstaðaréttindi. Í bænum bjuggu þá 286 manns.
- 1896 Kínverski rétturinn Chop Suey er fundinn upp af kokki sendiherra Kínverja í Bandaríkjunum.
- 1965 Mannaða geimfarið Gemini V lendir heilu og höldnu í Atlantshafi eftir átta daga á sporbaug um jörðu.
- 1971 Kirkjan á Breiðabólstað á Skógarströnd brennur til kaldra kola. Á sama tíma kemur upp eldur í bíl sóknarprestsins sem er á leið til kirkju.
- 1981 Útifaflíð við Lækjargötu í Reykjavík er vígt með skák milli Tómasar Björnssonar og Þrastar Þórhallssonar.
- 2000 Fyrsta sólarhringsverslun 10 - 11 er opnuð í Lágmúla. Það er nýjung á íslenskum matvörumarkaði.

## ANDLÁT

Steinunn Sigurðardóttir, Ránargrund 3, Garðabæ, lést þriðjudaginn 16. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Björg Sigurjónsdóttir andaðist áelliheimilinu Grund fimmtudaginn 18. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Gísli Guðlaugur Gíslason andaðist á Hrafnistu, Reykjavík, laugardaginn 20. ágúst. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

Ása Bjarney Ásmundsdóttir, Bjarnarvöllum 16, Keflavík, lést miðvikudaginn 24. ágúst.

Matthildur Kristjánsdóttir, Sandholti 40, Ólafsvík, andaðist á St. Franciskusspítalanum í Stykkishólmi fimmtudaginn 25. ágúst.

Dagbjört Sigurðardóttir frá Stígshúsi, Stokkseyri, lést á Landspítalanum við Hringbraut aðfaranótt föstudagsins 26. ágúst.

Maren Nielsdóttir Kiernan lést á dvalarheimilinu Hrafnistu, Reykjavík, föstudaginn 26. ágúst.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfirir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

## JARÐARFARIR

13.00 Alda Sigurvinsdóttir, Barðastöðum 11, Reykjavík, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju.

15.00 Björg Símonardóttir, áður til heimilis að Víðimel 53, verður jarðsungen frá Fossvogskirkju.

15.00 Ragnhildur Jónsdóttir, Norðurbrún 1, Reykjavík, verður jarðsungen frá Hafnarfjarðarkirkju.

## AFMÆLI



Benóný Ágísson leikritaskáld er 53 ára. Herdis Hallvarðsdóttir útgefandi hljóðbóka er 49 ára

Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur er 48 ára



Erpur Eyvindarson tónlistarmaður er 28 ára



Manúela Ósk Harðardóttir fyrrverandi fegurðardrottning er 22 ára



PRÁINN KARLSSON Gamli barnaskólinn á Akureyri, fæðingarstaður Práins, og Samkomuhúsið, vinnustaður hans, í baksýn.

PRÁINN KARLSSON LEIKARI HJÁ LEIKFÉLAGI AKUREYRAR

# Í hálfu öld á leiksviði

**LEIKLIST** Akureyringurinn og sósíalístin Práinn Karlsson er að hefja sitt fimmtugasta leikár hjá Leikfélagi Akureyrar. Hann hefur ekki nákvæma tölu á þeim hlutverkum sem hann hefur leikið en segir þau komin á annað hundrað, auk þess sem hann hefur leikstýrt á annan tug leiksýninga. Fyrsta hlutverkið er Práni enn í fersku minni, sem og martröðin sem hann upplifði á leiksviði fyrir rúmum áratug.

Práinn er fæddur árið 1939 í gamla barnaskólanum á Akureyri; í húsinu við hliðina á Samkomuhúsinu þar sem Leikfélag Akureyrar er með aðsetur. Hann kynntist eiginkonu sinni, Röggu Garðarsdóttur, á Akureyri og saman eiga þau tvær dætur: Rebekku sem er rússneskufræðingur og þroskaþjálfari, og Hildigunn en hún er bókmenntafræðingur og leikari. Auk þess á Práinn eina stjúpdóttur, Kristínu Konráðsdóttur, en hún starfar á bókasafni Háskólans á Akureyri.

Práinn er ekki menntaður leikari en hefur komist í fremstu röð íslenskra leikara með því að vinna sjálfur úr þeim hæfileikum sem hann fékk í vöggugjöf og læra af góðu samstarfsfólki. Hann var fyrsti fastráðni starfsmaður Leikfélags Akureyrar árið 1971, tveimur árum áður en leikfélagið

varð að atvinnuleikhúsi, og starfaði þá við leikmyndagerð ásamt því að leika. „Ég er lærður járnsmiður og vann hjá Slippstöðinni á Akureyri allt þar til ég réði mig til Leikfélagsins, að undanskýldum þremur árum þegar ég var til sjós.“

Práinn segir margt hafa breyst í starfi og aðbúnaði leikara á þeirri hálfu öld sem hann hefur staðið á leiksviði. „Lengst af var maður á sultarlaunum og neyddist til að taka aukavinnu á sumrin, auk þess sem oft var æft á kvöldin. Nú æfum við í sex tíma á dag og tvær stundir eru ætlaðar til heimavinnu en fyrir hverja frumsýningu eru 10 kvöldæfingar. Eftir að Samkomuhúsið var tekið í gegn hefur aðbúnaður leikara batnað til muna og yfirbragð sýninga er allt annað í dag og tæknin mun fullkomnari,“ segir Práinn.

Eitt af því sem ekki hefur breyst er líðan Práins fyrir leiksýningar. „Ég steig í fyrsta sinn á leiksvið í mars 1956 og eflaust hef ég verið nokkuð taugatrektur. Enn þann dag í dag finn ég fyrir kvíða þegar líða tekur á sýningardag en losna yfirleitt við hann fljótlega eftir að sýning hefst. Fyrir kemur að mér líður illa frá upphafi til enda sýningar en aðeins þegar sýning er illa heppnuð.“

Árið 1994 upplifði Práinn sína verstu martröð á sviði. „Þá lék ég leikriti sem hét Óvænt heimsókn og var í góðu formi. Þegar ég horfi í ljósín á frumsýningu greip mig einhver hræðilegur ótti og ég vissi ekki til hvers ég var staddur á sviðinu eða hvað ég átti að segja. Þetta var skelfileg reynsla og mér leið illa alla sýninguna. Dóttir mín, sem stödd var í salnum, hélt ég væri veikur og vinur minn Arnar Jónsson kom til mín að sýningu lokinni og sagði að nú væri kominn tími til að ég tæki mér frí. Svo vel vildi til að þá um vorið var ég útnefndur bæjarlistamaður á Akureyri og gat tekið mér frí í ár og komið svo tvíepldur til baka.“

Helstu áhugamál Práins eru ferðalög og veiðir á Akureyrarpólli á litlum báti sem hann á. „Ef ég er ekki hryggbrottinn, rifbrottinn eða rúmliggjandi af öðrum ástæðum þá nota ég sumarfríið til að ferðast með tjaldíð mitt eða róa á bátinum og veida í soðið. Sjóbleikjan er besti fengurinn en ýsan svíkur heldur engan. Þegar maður er búinn að nota veturinn í að troða misgóðum textum inn í hausinn á sér þá þarf maður ekki nema einn ljúfan sólskinsdag út á Pollinum til að gleyma því öllu og koma endurnærður að landi.“

kk@frettabladid.is

## Fróðleikur af gardur.is



Áhrifamikill stjórnmálamaður:

### Jónas frá Hriflu

Jónas Jónsson var fæddur 1. maí 1885 í Hriflu í Bárðardal, sonur Jóns bónda Kristjánssonar og k.h. Rannveigar Jónsdóttur. Gagnfræðingur á Akureyri 1905. Frh.nám í Danmörku, Þýskal., Engl. og París. Kennari í Kennarask. 1909–18. Skólastjóri Samvinnusk. 1918–27, 1932–55. Vann að bættum kjörum verkamanna; samdi uppkast að lögum ASÍ. Lagði grunn að Framsóknarf. sem

frjálslyndum miðflokki. Landskjörinn alþm. 1922–33, S-Þing. 1933–49. Dóms- og kirkjumálaráðgjafi 1927–32. Í bæjarstj. Rvíkur 1938–42. Form. Framsfl. 1934–44. Lézt 19. júlí 1968. Sterkur áhrifavaldur í stjórnmálum 20. aldar, gæddur miklu starfsþreki, hafði gnótt hugmynda og segulafl sem heillaði menn. Hafði forgöngu um stofnun heimavistar- og héraðsskóla og merkar opinberar byggingar. Ýmsar stjórnarathafnir hans mættu andstöðu; þótti ráðrikur, fékk ekki sæti í ríkisstjórn 1934 né 1937, m.a vegna gagnrýni á kommúnista og samstarfsvilja við sjálfstæðismenn. 1930 vildu lækna lýsa hann geðveikan, en snjóll grein hans, 'Stóra bomban', sneri almenningi til fylgis með honum. Málverkasýning hans 1942 til háðungar nokkrum listmálurum vakti harða andstöðu. Hann var málsvári varins lands og samvinnu við Bandaríkin. Ritaði námsbækur, fjölda bóka um þjóðmál, bókmenntir o.fl., ritstjóri sex tímarita. K.h.: Guðrún Stefánsdóttir, d. 1963. Dætur þeirra: Auður kennari, Gerður húsmóðir.

Meira um hann á gardur.is

Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

gardur.is



# PEUGEOT 407

# TÖLUM UM NÝSKÖPUN

Meistarahönnun Peugeot 407 sem setur nýjan staðal fyrir fjölskyldubíla



Peugeot 407 frá kr. **2.190.000**  
kr. 22.941 á mánuði \*

Peugeot 407 SW frá kr. **2.350.000**  
kr. 24.618 á mánuði \*

[www.peugeot.is](http://www.peugeot.is)



airbags



AC<sup>2</sup>



M.I.P.



JBL



F.A.P.



ESP<sup>2</sup>



Tiptronic<sup>6</sup>



T.D.T.

Komdu og upplifðu meistarahönnun sem setur fjölskyldubílnum nýjan staðal. Það er ekki aðeins krafturinn í hönnuninni sem gerir hann sérstakan - líka samspilið af þægindum, sportlegum aksturseiginleikum og öryggi. Þú hefur fjölda möguleika í útfærslu, þannig að við höfum um margt að tala saman. Líttu inn og tölum um Peugeot 407 – flottasta ljónið á veginum.

Peugeot 407 4ra dyra verð frá kr. 2.190.000 - kr. 22.941 á mánuði \*

Peugeot 407 SW verð frá kr. 2.350.000 - kr. 24.618 á mánuði \*

\* Bítasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

# 407



PEUGEOT



BERNHARD ehf. • Vatnagarðar 24-26 • Sími 520 1100

Umboðsaðilar:

Reykjanesbær, **Bílavík**, sími 421 7800 • Akranes, **Bilver**, sími 431 1985

Akureyri, **Höldur**, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, **Bragginn**, sími 481 1535





### Valsmótinu lokið

... Grindvíkingar unnu sitt annað mót í röð í gærkvöldi þegar þeir lögðu nýliða Þórsara í úrslitaleik Valsmótsins í körfubolta sem fór fram um þessa helgi í Kennaraháskólanum. Grindavík vann einnig Bílavikurmótið á dögunum og mættir því greinilega vel undirbúið til leiks í körfuboltanum.

# sport

sport@frettabladid.is

## ÞINGEYINGURINN ÞORSTEINN INGVARSSON: NORÐURLANDAMEISTARI UNGLINGA Í LANGSTÖKKI

# Er í hópi þeirra efnilegustu í Evrópu

Þorsteinn Ingvarsson, efnilegur frjálss-íþróttamaður úr Bárðardal í Suður-Þingeyjarsýslu, vann um helgina keppni í langstökki á Norðurlandameistaramóti unglunga sem fram fer í Kristiansand í Noregi. Sigurstökk Þorsteins var upp á 7,11 metra en hann á best 7,38, en því náði hann í fyrra aðeins sextán ára gamall. Þorsteinn var að vonum ánægður með árangurinn og vonast til þess að bæta árangur sinn enn frekar á þessu ári. „Ég vissi að ég ætti góðan möguleika á því að komast í verðlaunasæti ef ég næði að



stökkva eins vel og ég get. Þó ég hafi verið töluvert frá mínu besta þá dugði þetta til sigurs og það var auðvitað ánægjulegt.“

Þorsteinn hefur æft frjálss íþróttir frá tíu ára aldri undir stjórn Jóns Benónýssonar. Jón er ekki í nokkrum vafa um að Þorsteinn getur náð langt ef hann æfir samviskusamlega. „Ég held að það sé ekki nokkur vafi á því að Þorsteinn getur náð langt. Hann er þegar farinn að vekja athygli þjálfara í bandarískum háskólum, þrátt fyrir að vera ennþá aðeins sautján ára gamall. Það er magnaður árangur hjá honum að verða Norðurlandameistari í þessum

aldurshópi, því hann er í raun einn af yngstu keppendum. Hann á tvö ár eftir í þessum flokki og því er þetta enn athyglisverðara fyrir vikið. Framfarir hans hafa verið með ólíkindum því hann bætti sig um hálfan metra í langstökki á hverju ári í fjögur ár. Að auki er hann vel frambærilegur spretthlaupari og stekkur tvo metra í hástökki. Hann hefur því alla burði til þess að verða góður tugþrautakappi í framtíðinni en hann einbeitt sér fyrst og fremst að langstökki og þristökki þessa dagana.“

Þorsteinn æfði inni á Akureyri á síðasta ári en hann er nemandi í Menntaskólanum á Akureyri. „Ég stefni að því að ná sem lengst en er meðvitaður um að það gerist ekki nema með miklum æfingum.“

### > Við tökum hattinn ofan ...

... fyrir Sigurði Ragnari Eyjólfssyni sem hefur sýnt mikla þolinmæði og þrautseigju í sumar og haldið ótraudur áfram með Skagamönnum þrátt fyrir að fá ekki mörg tækifæri. Sigurður hefur síðan nýtt tækifærin frábæra í síðustu tveimur leikjum þar sem hann hefur tryggt Skagamönnum sex dýrmæt stig í baráttunni um Evrópusætið.

### > Við hrósum ...

... Íslenska kvendandsliðinu í knattspyrnu sem gerði 2-2 jafntefli við Svíþjóð í gær í undankeppni heimsmeistaramótsins. Landslið Svíþjóðar hefur verið eitt það besta í heimi um árabil og því er það frábær árangur hjá íslenska liðinu að halda jöfnu.



# FH stoppað á Skipaskaga

Sigurður Ragnar Eyjólfsson skoraði tvö mörk fyrir Skagamenn sem urðu fyrstir til að vinna Íslandsmeistara FH í Landsbankadeildinni síðan í maí 2004.

	<b>2-1</b>	
IA		FH
Akranesv., áhorf: 1036 Gylfi Þór Orrason (6)		
1-0 Sigurður Ragnar Eyjólfsson (34.)		
1-1 Atli Viðar Björnsson (39.)		
2-1 Sigurður Ragnar Eyjólfsson (61.)		

### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12-11 (5-4)
Varin skot	Bjarki 3 - Daði 3
Horn	5-8
Aukaspjrnur fengnar	9-11
Rangstöður	4-2

**FÓTBOLTI** „Það var greinilegt á FH-ingunum að þeir voru nýbúinir að vinna titil“, sagði Ólafur Þórðarson þjálfari IA eftir sigur liðsins á heimavelli gegn FH í gær. Þetta var fyrsti tapleikur FH-liðsins í deildinni í sumar og draumarnir um að fara ósigráðir í gegnum mótið hurfu því út í veður og vind á Skaganum í gær.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson sá um að skora en hann gerði bæði mörk heimamanna. Það fyrra var einkar glæsilegt, óverjandi fyrir Daða í marki Íslandsmeistarana. Fyrir hálfleik náði Atli Viðar Björnsson að jafna metinn fyrir FH en sigurmarkið skoraði Sigurður þegar um hálf tími var eftir. „Hann kom inn sem varamaður gegn Keflavík og skoraði og fékk



**BER NAFN MEÐ RÉTTU**  
Sigurður Ragnar Eyjólfsson skoraði bæði mörk IA í 2-1 sigri á FH í gær.  
FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR

því tækifæri frá byrjun að þessu sinni. Hann hefði vel getað skorað fleiri í kvöld en þetta tryggði okkur sigurinn“, sagði Ólafur Þórðarson.

„Það var mjög gott að ná að stöðva sigurgöngu FH og fá um leið þrjú kærkomin stig í baráttunni um þriðja sætið. Þá var þetta 400. sigurleikur IA og það er merkur áfangi. Ég lagði upp með það að reyna bara að skemma spil FH-liðsins í leiknum og það tókst. Þetta hefur gengið betur og betur hjá okkur eftir því sem liðið hefur á sumarið og við getum lítið kvartað yfir árangrinum undanfarið. Við höfum mikið af unum strákum og erum að byggja upp lið, sagði Ólafur en Skagamenn eru sem stendur í þriðja sæti deildar-

innar og stefna á Evrópukeppni næsta ár. FH-ingar voru langt frá sínu besta í gær og greinilegt að Íslandsmeistaratitillinn var enn ofarlega í huga leikmanna í leiknum.

elvar@frettabladid.is

IA 4-5-1	FH 4-3-3
Bjarki 7	Daði 5
Kári Steinn 7	Guðmundur S. 6
Reynir 7	Auðun 5
Gunnlaugur 8	Ármann Smári 5
Guðjón Heiðar 5	Freyr 6
(46. Andrés) 6	Ásgeir Gunnar 6
Ellert Jón 5	Baldur 5
Martin 6	(75. Jón Þorgrímur) -
Helgi Pétur 6	Davíð Þór 5
Pálmi H. 6	Ólafur Páll 5
Jón Vilhelm 6	Atli Viðar 6
(77. Þorsteinn G.) -	Tryggvi 6
(90. Andri) -	

\*MADUR LEIKSINS

## Staða Fram í Landsbankadeild karla versnaði til muna eftir annað tapið í röð: Grindvíkingar eru ekki farnir niður ennþá

	<b>3-1</b>	
Grindavík		Fram
Grindavík, áhorf: 730 Kristinn Jakobsson (6)		
1-0 Óli Stefán Flóventsson (13.)		
2-0 Óskar Örn Hauksson (45.)		
2-1 Hans Mathiesen, viti (52.)		
3-1 Paul McShane (79.)		

### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	7-13 (4-4)
Varin skot	Savic 3 - Gunnar 1
Horn	2-9
Aukaspjrnur fengnar	12-13
Rangstöður	2-0

**FÓTBOLTI** Framararar töpuðu sínum öðrum leik í röð í Landsbankadeildinni í gær gegn baráttuglöðu liði heimamanna í Grindavík sem varð að vinna leikinn.

Þrátt fyrir að vera 2-0 undir í hálfleik þá voru gestirnir ekkert lakari aðilinn. Framarar voru meira með boltann en skorti sér alvöru færi. Á meðan lágu Grindvíkingar til baka en skoruðu engu að síður þrjú mörk, það þriðja kom á 79.

mínútu með fyrsta skoti liðsins í seinni hálfleiknum.

„Þetta var ekki toppfótbolti sem var boðið upp á í dag enda mikið í húfi. Við lögðum upp með það að verjast vel og beita skyndisóknun. Þrátt fyrir að það hafi gengið misjafnlega þá skoruðum við þrjú mörk og það höfum við ekki gert oft í sumar“, sagði Óli Stefán Flóventsson en félagi hans Eyþór Atli Einarsson lét Gunnar Sigurðsson verja frá sér vítaspjrnunni á 27. mínútu leiksins. -gjj

## Próttur í vondum málum í Landsbankadeild karla: Sæti KR-inga loksins tryggt

	<b>0-1</b>	
Próttur		KR
Laugard.v., áhorf: 1025 Erlendur Eiríksson (7)		
0-1 Dalibor Pauletic (47.)		

### TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	3-16 (0-7)
Varin skot	Fjalar 6 - Kristján 0
Horn	7-17
Aukaspjrnur fengnar	15-18
Rangstöður	4-0

**FÓTBOLTI** Aðeins kraftaverk getur bjargað Prótturum eftir 0-1 tap gegn KR í Laugardalnum. Með

þessum úrslitum eru KR-ingar endanlega lausir úr fallslagnum og eru farnir að blanda sér í baráttuna um þriðja sætið eftir þriðja sigurinn í röð.

KR-ingar komu mjög ákveðnir til leiks og sóttu stíft fyrstu mínúturnar. Þeir fengu hvert færið af öðru og áttu Próttarar í mestu erfiðleikum með að verjast snögguum sóknunum þeirra. Próttarar stóðu af sér sóknarþungann á fyrsta korterinu og tókst að loka á sóknarmennina að mestu. Grétar Hjartarson var sérlega skæður í liði KR en Fjalar Þorgeirsson varði nokkrum sinnum frábæra frá honum. Próttarar skoruðu mark



**HART BARIST** KR-ingurinn Sigmundur Kristjánsson og Próttarinn Ingvi Sveinsson berjast hér um boltann á Laugardalsvelli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

sem virstist vera fullkomlega löglegt en það var dæmt af vegna rangstöðu. Á 2. mínútu í síðari hálfleik kom eina mark leiksins þegar Dalibor Pauletic skoraði af stuttu færi eftir að skalli KR-inga hafði verið varinn. Leikurinn var

tíðindalíill eftir þetta, KR-ingar sóttu meira án þess að ógna marki Próttara undir ráði. Próttarar færðu sig framar undir lokin en KR-ingar voru mjög öflugir í vörninni og Próttarar voru aldrei líklegir til þess að jafna. -hrm

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### Landsbankadeild karla:

IA-FH	2-1
GRINDAVÍK-FRAM	3-1
PRÓTTUR-KR	0-1

### STADAN:

FH	16	15	0	1	47-8	45
VALUR	15	10	1	4	27-11	31
ÍA	16	8	2	6	20-19	26
KEFLAVÍK	15	5	6	4	24-28	21
KR	16	7	1	8	19-22	22
FYLKIR	15	6	2	7	25-26	20
FRAM	16	5	2	9	17-25	17
ÍBV	15	5	1	9	17-26	16
GRINDAVÍK	16	4	3	9	19-37	15
PRÓTTUR	16	2	4	10	16-29	10

### NÆSTU LEIKIR:

Valur-ÍBV	í kvöld kl. 18.00
Fylkir-Keflavík	Þri. Kl. 18.00

### MARKAHÆSTIR:

Tryggvi Guðmundsson, FH	13
Allan Borgvart, FH	13
Garðar Gunnlaugsson, Val	8
Hörður Sveinsson, Keflavík	8
Matthias Guðmundsson, Val	7
Hjörtur Hjartarson, IA	6
Björgólfur Takefusa, Fylki	6
Viktor Bjarki Arnarsson, Fylki	5
Steingrímur Jóhannesson, ÍBV	5
Guðmundur Steinarsson, Keflavík	5

GRINDAVÍK 4-4-2	FRAM 4-4-2
Savic 6	Gunnar 5
Óðinn 5	Eggert 4
*Óli Stefán 7	(85. Heiðar Geir) -
Kekic 6	Þórhallur Dan 6
(87. Alfreð) -	Kristján 6
Eyþór Atli 5	Gunnar Þór 6
Niestroj 6	Karlefjard 4
Eysteinn 5	Mathiesen 7
Guðmundur A. 5	Ingvar Þór 5
McShane 6	Viðir 5
Óskar Örn 6	(42. Ómar) 6
Ahandour 5	Andri Fannar 5
(74. Magnús) -	(68. Þorbjörn Atli) 5
	Henriksen 6

\*MADUR LEIKSINS

PRÓTTUR 4-4-2	KR 4-4-2
Fjalar 8	Kristján 6
Freyr 4	Gunnar E. 5
(55. Erlingur) 6	(46. Kristinn M.) 6
Eysteinn 6	Pauletic 7
Jens 6	Tryggvi 7
Ingvi 5	Bjarni 7
Halldór 7	Sigmundur 5
Kristinn H. 5	(79. Sólvi D.) -
(63. Magnús Már) 5	Bjarnólfur 6
Haukur Páll 4	Ágúst Þór 6
(63. Hallur) 5	Garðar 7
Ólafur T. 5	*Grétar 8
Þórarinn 4	(87. Sigurvin) -
Páll E. 5	Rögví 7

\*MADUR LEIKSINS



# 2990!

-líklega besta verð í heimi

KOMDU Í KLÚBBINN ISF97

Fyrir aðeins 2990 á mánuði færð þú;

-Stærstu stundarská landsins

-Flestar stöðvar

-Frábær tæki

-Framúrskarandi starfsfólk

ISF97  
nú tíma lífsstíll

1 kort  
og nú  
4 stöðvar

BÆÐHÚSIÐ  
BETRUNARHÚSIÐ  
SPORTHÚSIÐ  
ÞREKHÚSIÐ



ICELAND

SPA & FITNESS

SÍMI 561 5100 WWW.ISF.IS

ÁVÍSUN Á VELLÍÐAN





**NÝJA STJARNAN Á HLÍÐARENDA** Nýi Frakkinn í liði Vals, Mohamadí Loutoufi, vakti mikla athygli á Opna Reykjavíkurmótinu.

## Reykjavíkurmót í handbolta: Tvöfalt hjá Val

**HANDBOLTI** Valmenn byrja handboltatímabilið vel því meistara-flokkar félagsins tryggðu sér báðir Reykjavíkurméistararitil um helgina. Strákarnir unnu Fram með einu marki, 32-31, í sínum úrslitaleik og stelpurnar unnu Stjörnuna, 27-23, eftir framlengd-an leik. Nýi Frakkinn í liði Vals, Mohamadí Loutoufi, vakti mikla athygli á mótinu en þessi 169 sm háa skytta hefur yfir miklum hraða og gríðarlegum stökkkrafti að ráða. Loutoufi var markahæstur í Valsliðinu í úrslitaleiknum með 8 mörk líkt og Baldvin Þorsteinsson en Fannar Þór Friðgeirsson kom þeim síðan næstur með sex mörk. Hjá Fram varði Egidijus Petkevicius frábærlega í markinu en markahæstur var Úkraínamaðurinn Sergeir Serenka með átta mark og Stefán Baldvin Stefánsson bætti síðan við sex mörkum.

Alla Gokorian skoraði 9 mörk og Berglind Íris Hansdóttir varði 21 skot í sigri kvennaliðs Vals á Stjörnunni en þær Arna Grímsdóttir, Ágústa Edda Björnsdóttir, Hrafrún Kristjánsdóttir og Drífa Skúladóttir skoruðu síðan allar fjögur mörk fyrir Valsliðið. Staðan var 22-22 eftir venjulegan leiktíma en Valsliðið vann framlenginguna síðan 5-1.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

26 27 28 29 30 31 1

### Mánudagur

#### LEIKIR

18.00 Valur og ÍBV mætast að Hlíðarenda í Landsbankadeild karla.

#### SJÓNVARP

15.30 Leikur Juventus og Chievo úr ítalska boltanum endursýndur á Sýn.

15.40 Helgarsportíð á RÚV.

15.55 Fótboldtakvöld á RÚV.

16.10 Ensku mörkin á RÚV.

17.10 Landsbankamörkin Sýn.

17.40 Bein útsending frá leik Vals og ÍBV á Sýn.

20.00 Gillette-sportpakinn á Sýn.

20.30 Ítölsku mörkin á Sýn.

21.00 Spænsku mörkin á Sýn.

21.30 Ensku mörkin á Sýn.

22.00 Olífsport á Sýn.

22.30 Landsbankadeildin á Sýn.

23.10 Ensku mörkin á RÚV.

Gæði á góðu verði

## LYFTARADEKK

**VELAR: ÞJÓNUSTA**  
Járnhlási 2 110 Reykjavík Sími 5-800-200



**14 STIG OG 14 FRÁKÖST** Hlynur Bæringsson var bæði langstígahæstur og langfrákastahæstur hjá íslenska landsliðinu gegn Kína.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fyrri æfingaleikur körfuboltalandsliðsins í Kína í gær: 38 stiga tap fyrir Kínverjum

**KÖRFUBOLTI** Íslenska körfuboltalandsliðið tapaði með 38 stiga mun, 89-51, fyrir Kína í fyrri æfingaleik þjóðanna sem fram fór í Kína í gær. Hinn 226 sm hái Yao Ming, leikmaður Houston Rockets í NBA-deildinni, skoraði 19 stig á 31 mínútu í leiknum en leikurinn vakti mikla athygli í Kína.

Sigurður Ingimundarson, þjálfari var ekki sáttur við leik liðsins en segir að það muni leika betur á þriðjudaginn: „Við misstum einbeitinguna þegar fór að ganga illa í byrjun leiks og það var erfitt að rífa liðið upp eftir það. Þá varð hræðileg skotnýting okkur að falli en við stóðum vel í þeim í fráköstum. Í raun má segja að okkar mesti styrkleiki hafi verið okkar versti

óvinur í þessum leik því þriggja stiga skotnýting okkar var aðeins um 22%. Við lærum af þessum leik og þetta er leikur sem fer í reynslubankann. Þetta kínverska lið er samt alveg rosalega sterkt - hreint frábært körfukattleikslíð! Við ætlum að gera betur á þriðjudaginn,“ sagði Sigurður.

Hlynur Bæringsson var stígahæstur íslenska leikmannanna með 14 stig en hann tók einnig 14 fráköst í leiknum þrátt fyrir að glíma við marga hávaxna leikmenn kínverska landsliðsins. Jón Arnór Stefánsson skoraði 8 stig, Friðrik Stefánsson var með 7 stig og 10 fráköst og þá skoruðu þeir Logi Gunnarsson og Helgi Már Magnússon sex stig hvor. -6j



**SNILLINGAR FAGNA** Raúl skoraði sigurmark Real Madrid í gærkvöldi.

## Spænska knattspyrman: Real byrjaði á sigurleik

**FÓTBOLTI** Real Madrid og Barcelona lentu bæði í töluverðum erfiðleikum í fyrstu umferð spænsku deildarkeppinnar um helgina. Barcelona sótti Alavéz heim, en það komst upp í efstu deild á síðustu leiktíð. Barcelona var mun betra liðið í leiknum en náði ekki að koma boltanum fram hjá fyrverrandi markmanni Barcelona, Bonano, sem varði allt sem á marklið kom. Leikurinn endaði því 0-0 sem að sjálfsgöðu olli deildarmeisturunum miklum vonbrigðum.

Real Madrid mætti öðru liði sem komst upp í efstu deild á síðustu leiktíð, Cadiz. Brasilíski framherjinn Ronaldo skoraði glæsilegt mark eftir fimm mínútna leik og kom Real Madrid yfir. Ronaldo fékk boltann fyrir utan teiginn, snéri auðveldlega af sér varnarmann og þrumaði boltanum í netið. Cadiz tókst nokkuð óvænt að jafna leikinn í síðari hálfleik með marki frá Matiaz Pavoni. Fyrirliði Real Madrid, Raúl Gonzalez, skoraði svo sigurmarkið fjórum mínútum fyrir leikslök. -mh

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### Enska úrvalsdeildin:

MIDDLESBROUGH-CHARLTON	0-3
0-1 Dennis Rommedahl (38.), 0-2 Chris Perry (81.), 0-3 Darren Bent (90.).	
NEWCASTLE-MAN. UTD	0-2
0-1 Wayne Rooney (66.), 0-2 Ruud Van Nistelrooy (90.).	

### STAÐA EFSTU LIÐA:

CHELSEA	4	4	0	0	8-0	12
MAN. CITY	4	3	1	0	6-3	10
CHARLTON	3	3	0	0	7-1	9
MAN. UTD	3	3	0	0	5-0	9
BOLTON	4	2	1	1	6-4	7
TOTTENH.	4	2	1	1	4-2	7
ARSENAL	3	2	0	1	6-2	6
A. VILLA	4	1	2	1	4-4	6
WEST HAM	3	1	1	1	4-3	4
LIVERPOOL	2	1	1	0	1-0	4

### Spænska úrvalsdeildin:

ATHLETIC BILBAO-REAL SOCIEDAD	3-0
Yeste (47), Llorente (51.), Prieto (79.).	
ALAVES-BARCELONA	3-0
Yeste (47), Llorente (51.), Prieto (79.).	
VALENCIA-REAL BETIS	1-0
Aimar (53.).	
ATH. MADRID-REAL ZARAGOZA	0-0

CADIZ-REAL MADRID	1-2
Pavoni (63.) - Ronaldo (5.), Raul (85.).	
CELTA VIGO-MALAGA	2-0
Lopez (10.), Baiano (46.).	
ESPANYOL-GETAFE	0-2
Gavilan (54.), Riki (61.).	
OSASUNA-VILLARREAL	2-1
Romeo 2 (27., 61.) - Forlan (55.).	
REAL MALLORCA-DEPORTIVO	0-1
Juanma (18.).	
SEVILLA-RACING SANTANDER	1-0
Blanco (28.).	

### Ítalska A. deildin:

FIORENTINA-SAMPDORIA	2-1
Fiore (13.), Toni, viti (30.) - Diana (74.).	
LIVORNO-LECCE	2-1
Lucarelli (12.), Palladino (48.) - Pinardi, viti (39.).	
ASCOLI-AC MILAN	1-1
Cudini (58.) - Shevchenko (63.).	
INTERNAZIONALE-TREVISIO	3-0
Adriano 3 (32., 68., 80.).	
JUVENTUS-CHIEVO	1-0
Trezeguet (36.).	
LAZIO-MESSINA	1-0
Pandev (21.).	
PARMA-PALERMO	1-1
Bresciano (48.) - Terlizzi (36.).	
REGGINA-ROMA	0-3
Mancini (30.), Rossi (46.), Nonda (90.).	
SIENA-CAGLIARI	2-1
Chiesa 2 (viti 45., 58.) - Esposito (9.).	
UDINESE-EMPOLI	1-0
Muntari (30.).	

# Rooney réð úrslitum

Wayne Rooney var enn einu sinni í aðalhlutverki hjá Man. Utd. á þessari leiktíð þegar hann skoraði eitt mark og lagði upp annað í 2-0 sigri á Newcastle.

**FÓTBOLTI** Manchester United lagði Newcastle United að velli á St. James Park í Newcastle með tveimur mörkum gegn engu í gær, og er búið að vinna alla leikina í úrvalsdeildinni án þess að hafa fengið á sig mark. Wayne Rooney skoraði fyrsta mark leiksins um miðjan seinni hálfleikinn og hollenski markahrókurinn Ruud van Nistelrooy bætti svo öðru marki við á lokamínútunum. Lið Newcastle virðist heillum horfið en það hefur ekki ennþá náð að skora mark í fyrstu þremur leikjum sínum í deildarkeppinni. Spænski landsliðsmaðurinn Albert Luque lék sinn fyrsta leik fyrir Newcastle og var líflegur á vinstri kantinum, en hann gekk til liðs við félagið fyrir skömmu.

### Souness undir mikill pressu

Graeme Souness, knattspyrnu-stjóri Newcastle, er undir mikilli pressu þessa dagana og eru breskir fjölmiðlar farnir að spá því að honum verði sagt upp störfum á næstunni, ef spilamennska liðsins skánar ekki. Leikmannahópur félagsins er nokkuð sterkur en Souness hefur ekki tekist af fá leikmennina til þess að spila vel saman sem lið.

Alex Ferguson, knattspyrnu-stjóri Manchester United, var ánægður með sína menn að leik loknum. „Mér finnst liðið vera að spila góða knattspyrnu og það er ánægjulegt að sjá Ruud van Nistelrooy spila svona vel. Hann er magnaður framherji sem á eftir að skora mikið af mörkum fyrir okkur í vetur. Eins er Wayne



**WAYNE ROONEY FAGNAR MARKI SÍNU** Rooney hefur byrjað leiktíðina afar vel með Manchester United og hefur verið lykilmáðurinn í sóknarleiknum.

Rooney búinn að vera stórkostlegur og hann átti góðan leik.“ Ferguson sagði mun meira búa í liði Newcastle.

„Newcastle lék ágætlega í dag, sérstaklega í fyrri hálfleik. Ég hef trú á því að það muni spila betur eftir því sem liður á tímabili.“

Charlton Athletic vann Middlesbrough 3-0 á útivelli, en fyrirfram var búist við því að Middlesbrough myndi fara með sigur af hólmi. Charlton lék vel í leiknum

og þá sérstaklega Danny Murphy og Dennis Rommedahl sem voru aðalmennirnir í sóknarleiknum.

Íslenski landsliðsmaðurinn Hermann Hreiðarsson lék í stöðu miðvarðar í vörn Charlton og átti fínan leik. Hann meiddist lítillga undir lok leiksins en það er vonandi ekki alvarlegt þar sem framundan eru tveir leikir hjá íslenska landsliðinu.

magnush@frettabladid.is

## Íslenska landsliðið í knattspyrnu kvenna gerði 2-2 jafntefli við Svíþjóð í gær: Frábært jafntefli gegn einu sterkasta liði heims

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið gerði jafntefli við sterkt lið Svíþjóðar á Nobelstadion í Karlskoga í Svíþjóð. Hanna Ljungberg kom sænska liðinu yfir á 34. mínútu en Ásthildur Helgadóttir jafnaði fyrir Ísland á 49. mínútu með góðum skalla af stuttu færi.

Sænska liðið komst síðan aftur yfir á 73. mínútu og var þar að verki Lotta Schelin. Markadrottninginn Margrét Lára Viðarsdóttir jafnaði síðan leikinn tveimur mínútum síðar með ágætu marki. Sænska liðið sótti síðan nokkuð stíft það sem eftir lifði leiks en sterk vörn íslenska liðsins varðist fimlega.

Jörundur Áki Sveinsson, þjálfari íslenska liðsins, var að vonum ánægður með úrslitum.

„Ég held ég geti fullyrst að þetta er með betri úrslitum sem íslenskt kvennalandslið hefur náð. Það var frábært að fylgjast með samheldninni og vinnusem-inni í stelpunum af hlíðarlínunni. Það léku allir leikmenn íslenska



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

liðsins frábærlega vel.

Margrét Lára Viðarsdóttir spilaði vel í stöðu sem hún er ekki von að spila, en hún lék á vinstri kantinum. En annars var frábært að fylgjast með Ásthildi Helgadóttur í leiknum. Hún spilaði eins og sannur fyrirliði og sýndi hversu frábær leikmaður hún er.“

Ásthildur sagði leik Svíþjóðar

ekki hafa komið íslenska liðinu á óvart. „Þótt það sé virkilega gott að ná einu stigi gegn jafn frábæru liði og Svíþjóð, þá hefði verið virkilega gaman að vinna leikinn, því við fengum færi til þess. En nú þurfum við að ná okkur niður á jörðina og vera tilbúnar fyrir næstu leiki í undankeppni heimsmeistaramótsins.“ -mh



# 5 AF 7 BESTU VEGGSJÓNVÖRPU FÁST HJÁ ORMSSON

Samkvæmt könnun Neytendasamtakanna og \*ICRT.

\*Óháð alþjóðleg heildarsamtök neytendasamtaka.

## Gerðu kröfur – við uppfyllum þær!

Plasma og LCD sjónvörp eru vinsæl vegna gæðanna – útlits og upplausnar. Þess vegna er viturlegt að vanda valið þegar kemur að kaupum á þessu veglega heimilistæki.

### 1. sæti:

**Pioneer**



#### PIONEER PDP-435FDE

- Plasma skjár.
- Skjástærð 43" / 109 cm
- Birta 1100cd/M2 - Skerpa 1200:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1024:768 dílar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

Verð: 499.900 kr.

### 2. sæti:

**LOEWE.**



#### LOEWE Xelos A-26

- Svartur HD-TFT LCD Skjár.
- Skjástærð 26"
- Birta 450cd/M2 - Skerpa 800:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 1366:768 dílar
- Textavarp m/ 3500 síðna minni
- HDMI - Tengi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Tengibox aðskilið

Verð: 219.900 kr.

### 3. sæti:

**SAMSUNG**



#### SAMSUNG PS-42 S4S

- 42" plasma sjónvarp
- Upplausn: 852 x 480
- Birta: 1000 cd/m2
- Skerpa: 3000:1
- DNle myndleiðrétting
- 2100 síðna textavarpminni
- Líftími 60.000 klst

Verð: 369.900 kr.

4. sæti:

annað merki

5. sæti:

annað merki

### 6. sæti:

**LOEWE.**



#### LOEWE Concept L-42

- Plasma skjár.
- Skjástærð 42" / 106 cm
- Birta 1100cd/M2 - Skerpa 1000:1
- Skjáform 16:9 / Sjónsvið:170°
- Skjáupplausn 852:480 dílar
- Textavarp m/ 2100 síðna minni
- 2X 20 W magnari m / útvarpi
- Tölvutengjanlegur VGA
- Fáanlegt Svart eða Grátt

Verð: 339.900 kr.

### 7. sæti:

**SAMSUNG**



#### SAMSUNG LW26A33

- 26" LCD sjónvarp
- Upplausn: 1280 x 768
- Birta: 500 cd/m2
- Skerpa: 600:1
- DNle myndleiðrétting
- 200 textavarpminni

Verð: 199.900 kr.

SMÁRALIND  
Sími 530-2900  
SÍÐUMÚLA 9  
Sími 530-2800

**ORMSSON**

GERÐU KRÖFUR - VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR



# DV

## Meðlimur Aquanet fyrir dóm Vélaði fé út úr heilsunuddara



*Þeir þegar aðrir þegja!*

### STUÐ MILLI STRÍÐA · BARNAAFMÆLI

ODDUR ÁSTRÁÐSSON ER SADDUR AF RICE CRISPIES-KÖKUÁTI



Þegar þetta er skrifað eru krakkarnir farnir út. Um að gera að leyfa þeim að hlaupa sykurrinn úr sísteminu utandyra frekar en inni. Fjögurra ára afmæli geta verið skemmtileg. Þá eru krakkarnir yfirleitt orðnir nógu gamlir til þess að hafa gaman af þessu en ekki orðnir svo gamlir að þeir kunni að vera með stæla og leiðindi, gleðin er ennþá raunveru-

leg og ómenguð. Í þessu afmæli var bökuð Bósa Ljósár-skúffukaka, óspart sett af eitruðum matarlit í glassúrkreimið það. Svo var gómsæt Rice Crispies-rjómaperujarðarberjasvampbotnskaka. Sú féll ekki síður vel í kramið hjá mér. Nýbakaðar bollur með túnfisks- og rækjusalati, rjómahavartiosti, olívukúlur húðaðar með ostadegi, mandarínubátar og vínber og ávaxtasafi með. Ekki að furða að maður sé saddur.

Á borðinu dúkur með myndum af Mikka og Mínú og Guffa og Plútó og Andrésí og Andrésínu. Tilheyrandi glös með marglituðum rörum og kerti og blöðr-

ur og allt það sem við á að éta. Síðustu tveir sólarhringar á heimilinu hafa farið í það eitt að taka til og skreyta og baka og elda og allt það sem á að gera.

Svo komu hér sex hressir strákar til að vera í afmælinu, á aldrinum þriggja til sex ára. Þeir fóru auðvitað beint inn í herbergi og tókst að eyðileggja þriggja klukkutíma tiltekt á svona tíu mínútum. Þá var kallað á þá í kaffi og mat þar sem þeir sátu og átu í svona þrjár mínútur af veitingunum sem hafa sennilega kostað samanlagt svona tíu klukkutíma vinnu.

Gaman í barnaafmælum, sérstaklega fyrir þá sem undirbúa þau. ■

### myndasögur

#### ■ PONDUS

Eftir Frode Överli

1. Dúskotans niðurfallið er stíflað aftur! Nú er komið að þér að kippa því í liðinn!

2. Komuð að mér? Heldurðu að það séu hárin af hausnum mér sem eru að stífla það?

3. Nei, nei og aftur nei, ýldufés! Þú getur bara lagað þetta sjálfur! Og eftir á myndirðu kannski tína upp þessar ruslbókmenntir sem liggja hérna eins og hráviði út um allt?

4. Ruslbókmenntir? Þetta eru sigild verk? „Græna rottan“ „Gulí geislinn“ „Rauði hlauparinn“

5. Úff! Teiknimyndasýrur eru fyrir hálfvita! Hvað fjallar þessi um?

6. „Atóm-Arnald“, ver lífi sínu í kjötfars úr honum með að berjast við illa DVERGA!

7. Segðu honum að komal! Ég skal búa til kjötfars úr honum með því að pressa honum í gegnum niðurfallið! Og láttu mig NIDUR!

8. Bitte?

#### ■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

1. Já, þú sjáumst við bara seinna, er það ekki Palli?

2. Ha?

3. Eftir sjötta tíma... þegar við göngum eftir sama gangi hvort í sína stofuna, er það ekki?

4. Þú hlærð og slúðrar með þinum vinum, meðan ég stend hjá og vona örventingafull að einhver strákur taki eftir mér. Helst tónlistarmaður með sitt ljóst hár...

5. Já, við sjáumst þegar við sjáumst.

6. Flugskeytum skotið. Ekki tilkynnt um neinn skaða.

#### ■ PÚ OG PA

Eftir SÖB

1. Þegar ég var dauður sá ég allt líf mitt þjóta framhjá.

2. En spennandi, var ég þar?

3. ...og ég sá að dætur var ég með kropp!

4. Hey! Hugmynd!

#### ■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell

1. Já, hver vinnur „Krúttkeppnina“?

2. Mjási vinnur örugglega keppnina um „krúttlegasta kartöflunefið“.

3. ... og Lalli vinnur keppnina „krúttlegasta brosið með andfýlu sem myndi hræða skunk“.

4. Ég get þætt mig við það.

5. Þú verður.

6. Gangi ykkur vel.

#### ■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott

1. Krakkar, verið alveg kyrr hérna fyrir framan á meðan ég fer inn og finn sokkana hennar Sollu.

2. Allt í lagi.

3. Fannstu sokkana mína, mamma?

4. Ég held það.

5. En fyrst þurfum við að flokka aðeins...

## Viltu PSP?

Aðalvinningur er PSP + 4 leikir!

Sendu SMS skreytið BTC PSF á númerið 1900!

Svaraðu einni spurningu um PlayStation og þú gættir ummið! \*12. hver vinnur!

PlayStation 2

### ■ SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

7	3	4	9	8	5	2	6	1
6	5	8	4	1	2	7	9	3
9	1	2	6	7	3	4	5	8
3	2	9	7	6	4	8	1	5
8	7	6	3	5	1	9	4	2
1	4	5	2	9	8	3	7	6
5	8	3	1	4	9	6	2	7
4	6	1	8	2	7	5	3	9
2	9	7	5	3	6	1	8	4

8		5	7					
6		4		8			3	
5	9	4				1		
		1	3			2	4	
9		6	2		1	8		7
	4	5			6	9		
		8				7	9	5
	2		9	3				4
			6	7				1

su|do|ku  
© Puzzles by Pappocom



# Brúðkaupi Paris og Paris frestað

Sápuóperan er hafin hjá Hilton fjölskyldunni. Samkvæmt fréttum News of the World þá hefur Paris Hilton slitið trúlofun sinni og nafna síns, Latsis. Ástæðan: Latsis hafði ekki fyrir því að tilkynna foreldrum sínum um brúðkaupið. Það komst upp um þessi „mistök“ þegar Hilton - erfinginn hélt trúlofunarveislu og aðeins annar hlutinn af tengdafjölskyldunni kom, Hilton hjónin.

Faðir Latsis, skipakóngurinn Grigoris Kasidokostas, hefur lýst yfir andúð sinni á tilhöguninni og ætlar ekki að gefa syni sínum leyfi til þess að ganga í hjónaband með Hilton. Honum finnst sonur sinn vera of ungur.

Að sögn sjónarvotta sem News of the World vitna til þá snéríst trú-



**HJÓNALEYSIN** Paris og Paris komu saman á Live 8 tónleikana. Nú er víst allt í uppnámi eftir að fjölskylda drengsins hefur lýst sig andvíga ráðahagnum og Latsis hafði víst einnig gleymt að segja þeim frá giftingunni.

